

Þróunarsjóður grunnskóla

Lýsing á þróunarverkefnum

*sem Þróunarsjóður grunnskóla
styrkti 1996-1997*

*Lýsing á þróunarverkefnum sem
Þróunarsjóður grunnskóla styrkti 1996-1997*

Janúar 1998

Þetta rit er tekið saman í grunnskóladeild menntamálaráðuneytisins með hliðsjón af skýrslum um þróunarverkefnin og öðrum gögnum sem styrkþegar sendu til ráðuneytisins.

© 1998 Menntamálaráðuneytið

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 5609500
Bréfsími: 5623068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
<http://frodi.stjr.is/mrn>
Prentun: IÐNÚ

ISBN 9979-821-91-4

Efnisyfirlit

Bls.

1.	Inngangur	5
2.	Styrkveitingar 1996 - 1997	8
3.	Um einstök þróunarverkefni	9
3.1	Foldaskóli - <i>Nýsköpun og náttúruvísindi</i>	9
3.2	Háskóli Íslands, félagsvísindadeild - <i>Upplýsingaleikni. Námsefni til fjarkennslu</i>	10
3.3	Hlíðaskóli - <i>Gæðamat</i>	12
3.4	Kennaraháskóli Íslands - <i>Leikjabankinn - Leikjavefurinn</i>	13
3.5	Kennaraháskóli Íslands - <i>Könnum saman lóð og mó</i>	15
3.6	Kennslumiðstöð Kennaraháskóla Íslands <i>Hugmyndabanki Kennslumiðstöðvar á Internetinu</i>	16
3.7	Safamýrarskóli - „ <i>Ráðgjöf í Safamýrarskóla</i> ”	17
3.8	Breiðholtsskóli, Garðaskóli og Menntaskólinn við Hamrahlíð <i>Enskir lestextar og verkefni fyrir efri bekki grunnskóla-English Texts & Tasks</i>	19
3.9	Engidalsskóli, Hafnarfirði - <i>Félagsleg þátttaka nemenda sérdeildar</i> <i>Engidalsskóla í Hafnarfirði, í almennum bekkjum</i>	20
3.10	Garðaskóli - <i>Gæðastjórnun í skóla</i>	22
3.11	Holtaskóli, Keflavík - <i>Bætt samskipti - betri skóli</i>	23
3.12	Kópavogsskóli - <i>Ætlunarverk foreldraráðs og skóla</i>	24
3.13	Snælandsskóli - <i>Breyttir kennsluhættir í dönsku í Snælandsskóla</i>	26
3.14	Grundaskóli, Akranesi - <i>Námsferill-Leiðsagnarmat</i>	28
3.15	Grundaskóli, Akranesi - <i>Margmiðlun í myndmennt og tónmennt</i>	29
3.16	Grundaskóli, Akranesi - <i>Ég vil vera í sama skóla og bræður mínir</i>	30
3.17	Grunnskólinn Hólmavík, Grunnskóli Eyrarsveitar og Grunnskólinn á Ísafirði <i>Þróunarverkefni í náms- og starfsfræðslu</i>	32
3.18	Húnavallaskóli, Laugarbakkaskóli, Varmahlíðarskóli og Varmalandsskóli	33
3.19	Borgarhólsskóli, Grenivíkurskóli, Hafralækjarskóli og Hrafnagilsskóli <i>Aukin gæði náms - AGN</i>	35
3.20	Þelamerkurskóli - <i>D.B.A.E. í daglegri kennslu</i>	36
3.21	Egilsstaðaskóli og Menntaskólinn á Egilsstöðum <i>Samstarf um nám grunnskólanemenda í framhaldsskóla</i>	37
3.22	Heppuskóli, Hornafirði - <i>Athafnamiðað nám á unglingsstigi</i> <i>Bjarni greindarfatlaður nemandi í 9. bekk</i>	38
3.23	Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri - <i>Frá stöðnun til framfara</i>	38
	Verkefnið féll niður.	
3.24	Sólvallaskóli, Selfossi - <i>Seinfærir nemendur - samþætting náms og atvinnulífs</i>	39

Fylgiskjöl

1. Reglur *Þróunarsjóðs grunnskóla 1996*
2. Leiðbeiningar um skýrsluskil

1. Inngangur

Þetta er áttundi yfirlitsbæklingurinn frá menntamálaráðuneytinu yfir verkefni sem Þróunarsjóður grunnskóla hefur styrkt.

Þróunarsjóðurinn var stofnaður 1989. Sérstakar reglur gilda um úthlutun úr sjóðnum og sér úthlutunarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Reglur þær sem starfað hefur verið eftir hafa verið í gildi lítt breyttar frá 1989. Árlega eru styrkt á vegum Þróunarsjóðs grunnskóla milli 20 og 30 þróunarverkefni í grunnskólum. Sjóðurinn hefur styrkt samtals rúmlega 200 þróunarverkefni frá upphafi og þannig stuðlað að margháttuðu þróunarstarfi í grunnskólum eða í þágu grunnskóla á undanförunum árum.

Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla sem skipuð var 1994 til tveggja ára.

<i>Hrólfur Kjartansson, formaður</i>	<i>Menntamálaráðuneytinu</i>
<i>Stella Guðmundsdóttir</i>	<i>Kennarasambandi Íslands</i>
<i>Hjördís Guðbjörnsdóttir</i>	<i>Skólastjórafélagi Íslands</i>
<i>Matthías Kristiansen</i>	<i>Hinu íslenska kennarafélagi</i>
<i>Ólafur H. Jóhannsson</i>	<i>Kennaraháskóla Íslands</i>
<i>Hafdís Ingvarsdóttir</i>	<i>Háskóla Íslands</i>

Skólaárið 1996 - 1997 barst 51 umsókn um styrki til verkefna sem falla undir skilgreiningu í 2. grein í reglum um sjóðinn. Samanlögð upphæð umsókna var áætluð um 34 milljónir króna, þ.e. um fjórfalt ráðstöfunarfé sjóðsins. Til ráðstöfunar voru um 8,3 milljón króna fyrir skólaárið 1996-97. Styrkir voru veittir til 24 þróunarverkefna sem samtals 28 skólar/aðilar stóðu að. Óhjákvæmilega varð að hafna umsóknum sem uppfylltu öll skilyrði um styrkveitingu.

Yfirlit yfir fjölda og upphæðir styrkveitinga úr Þróunarsjóði grunnskóla 1989 - 1996

	<i>1989</i>	<i>1990</i>	<i>1991</i>	<i>1992</i>	<i>1993</i>	<i>1994</i>	<i>1995</i>	<i>1996</i>
Heildarstyrkveiting	4.194	9.038	9.640	8.014	8.600	8.217	8.000	8.300
Upphæð umsókna samtals	9.000	27.000	54.000	28.000	26.688	40.510	33.300	33.900
Fjöldi umsókna, verkefni	24	57	107	47	47	62	44	51
Fj. skóla/aðila sem sækir	21	55	90	47	41	58	54	49
Fjöldi styrktra verkefna	16	*26	**24	20	24	**28	***20	**24
Fj. skóla/aðila sem fékk styrk	14	27	36	30	21	33	30	29

Upphæðir eru í milljónum króna

* Þrjú þessara verkefna féllu niður ** Eitt þessara verkefna féll niður *** Tvö fellu niður.

Af fjölda umsókna að dæma er ljóst að þörf er fyrir sjóð af þessu tagi. Flestar umsóknir voru 1991. Þeim fækkaði aftur 1992 og 1993 en fjölgar þó nokkuð aftur 1994 og 1996-97.

Grunnskólakennarar eiga þess kost að sækja um styrki til þróunarverkefna úr tveimur sjóðum, Þróunarsjóði grunnskóla og Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands. Úthlutunarreglur beggja sjóðanna eru líkar. Fram til þessa hefur Verkefna- og námsstyrkjasjóður Kennarasambandsins lagt sem svarar tvöfaldri fjárveitingu Þróunarsjóðs grunnskóla í þróunarverkefni í grunnskólum. Samtals er því varið 25 - 30 milljónum króna á ári til að styrkja skipulega skólaþróun sem starfsmenn einstakra skóla eiga frumkvæði að. Einnig hafa einstök sveitarfélög á síðustu árum í auknum mæli veitt fjármagni til þróunarstarfa í grunnskóla.

Þegar verkefni eða skilgreindum áfanga þess lýkur, skila umsýðarmenn skýrslu til menntamálaráðuneytisins. Skýrslunum eiga að fylgja stuttir útdrættir og er þetta rit byggt á þeim eða skýrslunum sjálfum.

Í reglum um Þróunarsjóð grunnskóla er kveðið á um árlega útgáfu yfirlitsskýrslu um þau verkefni sem hafa verið styrkt. Þetta rit er hið áttunda í þeim flokki og nær yfir verkefni sem hlutu styrk skólaárið 1996 - 97.

Markmiðið með útgáfu árlegrar yfirlitsskýrslu eða kynningarrits er að koma vitneskju á framfæri um þær umbætur og tilraunir sem Próunarsjóður grunnskóla leggur lið og auðvelda þeim sem áhuga hafa að afla sér nánari upplýsinga og nýta sér hugmyndir, gögn og reynslu sem styrkþegar hafa aflað sér.

Samkvæmt reglum sjóðsins eiga styrkþegar að skila skýrslu til Próunarsjóðs í menntamálaráðuneytinu m.a. til að aðrir geti notið afraksturs þeirra og að ráðuneytið fái yfirlit yfir hvernig fjárveiting sjóðsins nýtist. Styrkur fæst ekki að fullu greiddur nema fyrir liggja fullnægjandi skýrsla um verkefnið. Jafnframt er gert ráð fyrir að styrkþegar skili samantekt um verkefnið til ráðuneytisins, einkum til birtingar í kynningarriti um verkefni hvers árs.

Hægt er að nálgast allar skýrslur í grunnskóladeild menntamálaráðuneytisins. Skýrslur er einnig hægt að nálgast í viðkomandi skóla. Not annarra af þeim gögnum sem verða til með styrk frá Próunarsjóði grunnskóla er á valdi styrkþega en þeir eiga höfundarrétt á gögnunum.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér einstök verkefni betur geta snúið sér beint til viðkomandi skóla, eða grunnskóladeildar menntamálaráðuneytisins.

2. Styrkveitingar 1996-1997

Skólaárið 1996 – 1997 var í áttunda sinn úthlutað úr Þróunarsjóði grunnskóla. Auglýst var sérstaklega eftir verkefnum á sviði námsmats og mats á skólastarfi. Um 8,3 milljónir króna voru til úthlutunar úr sjóðnum. Umsóknir bárust frá 49 grunnskólum og öðrum aðilum til 51 þróunarverkefis. Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðsins lagði til að 24 verkefni fengju styrk og samþykkti menntamálaráðherra þá tillögu. Eitt verkefnanna féll niður.

Eftirfarandi verkefni fengu styrk úr sjóðnum 1996-1997:

	Styrkupp hæð
1. Foldaskóli - <i>Nýsköpun og náttúruvísindi</i>	600 þús.
2. Háskóli Íslands, félagsvísindadeild - <i>Upplýsingaleikni. Námsefni til fjarkennslu</i>	350 þús.
3. Hlíðaskóli - <i>Gæðamat</i> Verkefnið er samstarfsverkefni skólastjórnar, kennara við skólann, Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla og foreldraráðs skólans.	200 þús.
4. Kennaraháskóli Íslands - <i>Leikjabankinn - Leikjavefurinn</i>	450 þús.
5. Kennaraháskóli Íslands - <i>Könnum saman lóð og mó</i>	400 þús.
6. Kennslumiðstöð Kennaraháskóla Íslands - <i>Hugmyndabanki kennslumiðstöðvar á Internetinu</i>	150 þús.
7. Safamýrarskóli - <i>„Ráðgjöf í Safamýrarskóla”</i>	200 þús.
8. Breiðholtsskóli, Garðaskóli og Menntaskólinn við Hamrahlíð - <i>Enskir lestextar og verkefni fyrir efri bekkji grunnskóla - English Texts & Tasks</i>	300 þús.
9. Engidalsskóli, Hafnarfirði <i>Félagsleg þátttaka nemenda sérdeildar Engidalsskóla í Hafnarfirði, í almennum bekkjum</i>	275 þús.
10. Garðaskóli - <i>Gæðastjórnun í skóla</i>	300 þús.
11. Holtaskóli, Keflavík - <i>Bætt samskipti - betri skóli</i>	350 þús.
12. Kópavogsskóli - <i>Ætlunarverk foreldraráðs og skóla</i>	380 þús.
13. Snælandsskóli - <i>Breyttir kennsluhættir í dönsku í Snælandsskóla veturinn 1996 - 1997</i>	300 þús.
14. Grundaskóli, Akranesi - <i>Námsferill-Leiðsagnarmat.</i>	320 þús.
15. Grundaskóli, Akranesi - <i>Margmiðlun í myndmennt og tónmennt</i>	200 þús.
16. Grundaskóli, Akranesi - <i>Ég vil vera í sama skóla og bræður mínir</i>	200 þús.
17. Grunnskólinn Hólmavík, Grunnskóli Eyrarsveitar og Grunnskólinn á Ísafirði - <i>Þróunarverkefni í náms- og starfsfræðslu</i>	250 þús.
18. Húnavallaskóli, Laugarbakkaskóli, Varmahlíðarskóli og Varmalandsskóli - <i>Sérstaða sveitaskóla</i>	800 þús.
19. Borgarhólsskóli, Grenivíkurskóli, Hafnalækjarskóli og Hrafnagilsskóli <i>Aukin gæði náms - AGN</i>	950 þús.
20. Þelamerkurskóli - <i>D.B.A.E. í daglegri kennslu</i>	145 þús.
21. Egilsstaðaskóli og Menntaskólinn á Egilsstöðum <i>Samstarf um nám grunnskólakennara í framhaldsskóla</i>	150 þús.
22. Heppuskóli, Hornafirði - <i>Athafnamiðað nám á unglingsstigi</i> <i>Bjarni greindarfatlaður nemandi í 9. bekk</i>	200 þús.
23. Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri - <i>Frá stöðnun til framfara</i> <i>Verkefnið féll niður</i>	
24. Sólvallaskóli, Selfossi - <i>Seinfærir nemendur - samþætting náms og atvinnulífs</i>	400 þús.

3. Um einstök þróunarverkefni

3.1 Foldaskóli

Nýsköpun og náttúruvísindi

Umsjón: Rósa Gunnarsdóttir og Gísli Þorsteinsson

Síðustu fjögur ár hefur í Foldaskóla í Grafarvogi verið unnið að þróunarverkefninu „Nýsköpun og náttúruvísindi“ undir stjórn Rósu Gunnarsdóttur og Gísla Þorsteinssonar. Þetta þróunarverkefni hefur falist að mestu leyti í því að þróa námsefni, kennsluáðferðir og hugmyndafræði nýrrar námsgreinar „nýsköpun“.

Markmið með verkefninu:

1. Efla frumkvæði og þroska sköpunargáfu nemenda.
2. Stuðla að tæknilegu innsæi.
3. Nota tækni við lausnir þarfa sem verkfæri sköpunar.
4. Nota aðferðir nýsköpunar til að móta umhverfi sitt.
5. Kynnast tækni í nánasta umhverfi og öðlast skilning á henni.

Þegar hefja á kennslu í nýrri námsgrein, með öllum sérkennum sínum og nýjum hugtökum, er ekki nema von að kennarar spyrji hvernig eigi að nota námsefnið. Eins og fjallað er um í kaflanum *Uppsprettan* er nýsköpun byggð á vinnu með hugmyndir nemenda, því skapandi starf eflir alla þroskaþætti mannsins. Námsefnispakkinn „Nýsköpun og náttúruvísindi“ er settur fram sem viðleitni til að hjálpa kennurum að ná þessu markmiði.

Námsefnið „Frumkvæði - sköpun“ var kennt í 8 skólum um allt land og hefur reynslan verið mjög góð að sögn kennara. Helstu vandamál sem komu upp voru helst hvernig ætti að koma þessu viðfangsefni inn í stundaskrá skólanna. Það vandamál var leyst á mismunandi hátt eftir skólum. Sumir kenndu þetta án þess að gera athugasemd um tímakvóta, aðrir kenndu sem námskeið eftir skóla eða sem þema í eina viku eða lengur. Allt kom þetta vel út og var vel af námsefninu látið.

Tilraunakennsla hélt áfram á „Nýsköpun - tækni“ í 10 ára bekkjum í Foldaskóla og Hamraskóla. Í stuttu máli má segja að það hafi tekist nokkuð vel og litlar sem engar breytingar gerðar á námsefninu sjálfu en málfar og annað lagað.

Allar bækurnar eru eins að uppbyggingu eða gert ráð fyrir tólf til fjórtán skipulögðum tímum, þar sem áhersla er mikil á verklega vinnu. Gengið er út frá því að hvert skipti sé u.þ.b. 80 mínútur og að tveir kennarar séu í hverjum tíma.

Nýsköpun krefst ekki sérstakrar stofu eða flókins búnaðar. Kennslan getur öll farið fram í venjulegri bekkjarstofu en ráðlagt er að hafa aðgang að smíðastofu ef kostur er. Æskilegur aukabúnaður verklega hluta kennslunnar er allur talinn upp í stoð 15, Verkleg aðstaða.

Í öllum námshlutunum er gert ráð fyrir skiptitímum, þannig að helmingur nemenda er í smíðastofunni í verklegri vinnu meðan hinir eru að vinna í bekkjarstofunni.

Skilað hefur verið lokaskýrslu vegna styrks frá menntamálaráðuneytinu sem fékkst til 4. áfanga þróunarverkefnisins. Í þeim hluta fólst lokaendurskoðun námsefnisins „Frumkvæði - sköpun“ og „Nýsköpun - tækni“ sem er námsefni einkum ætlað 9 og 10 ára nemendum, og önnur endurskoðun á „Hugmyndir - hugvit“ sem er námsefni

einkum ætlað 11 ára nemendum og ritun á námsefni einkum ætlað 12 ára nemendum sem fékk nafnið „Umhverfi - útlit”.

3.2 Háskóli Íslands, félagsvísindadeild
Upplýsingaleikni. Náms efni til fjarkennslu
Umsjón: Sigrún Klara Hannesdóttir, prófessor

Umræða um breytingar á kennslu í tengslum við upplýsingatækni og tölvuvæðingu beinist að því að tengja saman upplýsingaleikni og almenna kennslu. Þessi upplýsingaleikni getur verið kennd í skólasöfnum og beinst að því að afla heimilda úr bókum og prentuðum miðlum eða að upplýsinganna er aflað með tölvutækni. Þessa leikni þarf svo að tengja inn í almenna kennslu til þess að leiknin við að nota upplýsingar lærist um leið og náms efnið sjálft. Börn og unglingar þurfa að læra að nota prentaðar heimildir og efni sem þau kunna að finna í gegnum tölvur til viðbótar við kennslubók og hefðbundið kennsluefni.

Verkefnið er í nokkrum þáttum. Fyrst er markmiðslýsing í svonefndri „upplýsingaleikni“ („information skills“), síðan á að vinna hugmyndabanka að verkefnum þar sem bekkjarkennsla og kennsla í upplýsingaleikni er tengd saman og verkefninu á að ljúka sem fjarkennsluefni.

Verkefnið var upphaflega hugsað þannig að kaupa átti og staðfæra náms efni frá Ástralíu og laga það að íslenskum aðstæðum. Þetta efni er fyrst og fremst hugsað fyrir skólasafnskennara en auk þess eiga allir almennir kennarar að geta nýtt sér slíkt efni.

Um það leyti sem fjárveitingin fékkst til verkefnisins kom út í Ástralíu geisladiskur með verkefnabanka um upplýsingaleikni og hugmyndum um hvernig tengja má þessa leikni inn í almenna kennslu. Því var tekin sú ákvörðun að kaupa ekki það náms efni sem fyrir lá, heldur festa kaup á geisladiskinum og fá heimild til að staðfæra verkefni af honum. Þar sem hér er um mikla nýjung að ræða hlýtur þetta form að verða fyrirmynd á Íslandi. Þessi breyting virtist ætla að ganga eftir en hins vegar kom upp mjög óvænt hindrun, því ekki hefur ennþá fengist höfundarréttarheimild til að dreifa diskinum utan Ástralíu. Þessi dráttur hefur valdið því að ekki hefur verið unnt að ljúka verkefninu en búist er við að þessi höfundarréttarmál leysist fljótlega enda er mikill áhugi á alþjóðlegum vettvangi að kaupa þennan geisladisk sem er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum.

Lokið er við þann hluta verkefnisins að semja námsvísi í upplýsingaleikni fyrir íslenska grunnskólann og var þetta gert sem lokaverkefni í bókasafns- og upplýsingafræði vorið 1997. Það voru kennararnir Anna Björg Sveinsdóttir og Oddný Björgvinsdóttir sem sömdu námsvísinn, bjuggu til markmið fyrir hvern árgang í samræmi við þær kenningar sem uppi eru um þessi mál og tengdu saman markmið og einstaka kennsluþætti innan hvers árgangs með hugmynd um hvernig samþætta mætti leikni með náms efni í ýmsum greinum.

Námsvísir þeirra Önnu og Oddnýjar hefur nú þegar verið notaður við forvinnu að endurskoðun námskrár í upplýsinga- og tæknimenntun fyrir grunn- og framhaldsskólastigið sem Jóhann Ásmundsson og fleiri hafa unnið að og lokið var haustið 1997. Finna má þetta efni í heild á Veraldarvefnum undir slóðinni: <<http://www.ismennt.is/vefir/namskra>>.

Í námsvísi þeirra Önnu og Oddnýjar koma fram þau markmið sem telja má að allir grunnskólar á Íslandi geti unnið eftir, en hugmyndabankinn er ennþá óunninn þar sem ekki hefur fengist leyfi til að kaupa efnið sem á að aðlaga og þar af leiðandi hefur ekki ennþá verið hægt að vinna efnið endanlega til fjarkennslu.

3.3. Hlíðaskóli

Gæðamat

Verkefnið er samstarfsverkefni skólastjórnar, kennara við skólann, Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla og foreldraráðs skólans

Hlíðaskóli í Reykjavík hefur unnið þróunarverkefni á sviði gæðamats. Um er að ræða samstarfsverkefni skólastjórnar, kennara við skólann, Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla og foreldraráðs skólans.

Gæðahópur fór fyrst yfir ISO-9000 staðlana, helstu hugtök gæðamats og ýmis gæðaverkefni unnin í skólastarfi. Niðurstöður voru kynntar á sameiginlegum fundi kennararáðs og foreldraráðs með skólastjóra og aðstoðarskólastjórum.

Markmið verkefnisins:

Undirbúningur og framkvæmd á gæðamati í Hlíðaskóla, er miði að því að auka gæði alls skólastarfsins.

Útbúið var sjálfsmat fyrir kennara skólans: „Mat kennara á kennslu samkvæmt markmiðum skólanámskrár, skólaskipulagi og samstarfi.“ Þar lögðu kennarar skólans mat á fjóra þætti í starfi sínu: I. kennsluundirbúning, II. kennsluskipulag, III. bekkjarstjórnun og bekkjarkennslu, IV. skólaskipulag/samvinnu. Umrætt sjálfsmat var lagt fyrir kennara skólans í apríl 1996 og urðu miklar og gagnlegar umræður meðal þeirra í kjölfar þess. Er áformað að leggja áður nefnt mat fyrir þá aftur næsta skólaár og fá þannig samanburð milli ára.

Viðhorfsskönnun meðal foreldra var framkvæmd í febrúar 1997. Í starfshópnum sem vann að undirbúningi könnunarinnar voru bæði kennarar og foreldrar. Vegna umfangs verksins var ákveðið að takmarka viðhorfsskönnunina við úrtak er náði til foreldra fjórða hvers barns í skólanum, en með tilliti til þess að 42% svarenda í könnuninni eiga fleiri en eitt barn í skólanum má áætla að úrtakið hafi náð til u.þ.b. þriðja hvers heimilis nemenda skólans. 109 svör bárust og er það 87% svarhlutfall. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar bæði á kennarafundi og á fundi í Foreldra- og kennarafélagi skólans.

Í niðurstöðum könnunarinnar koma fram mjög skýrar upplýsingar um afstöðu til margra mála og er stefnt að frekari úrvinnslu. Fyrst er að nefna afgerandi skýra og jákvæða afstöðu foreldra til skólans og starfsmanna hans og áhersluna sem foreldrar leggja á gott samstarf heimilis og skóla. Í þessari skýrslu er ástæða til að beina athygli sérstaklega að svörum foreldra við spurningum er lúta að samskiptum foreldra við skólann vegna náms og líðan barna í skólanum, spurningum um í hvaða formi samskipti heimilis og skóla eiga að vera og spurningum um ýmsa þætti er tengjast heimanámi barnanna. Í umfjöllun um niðurstöðurnar er rætt um mikilvægi þess að reyna leiðir til úrbóta til að auka gagnsemi foreldraviðtala með því að breyta formi boðunar viðtalsins. Þannig verði til dæmis foreldrum gefinn skýrari kostur á að hitta fleiri kennara barnsins. Einnig stendur til að hefja skipulagða skráningu á aðfinnslum og ábendingum sem skólanum berast og leita þannig ráða til sem flestir fái fullnægjandi úrlausn sinna mála.

Áætlað er að gera viðlíka könnun meðal nemenda skólans á skólaárinu 1997-'98.

Niðurstöður:

Þær kannanir sem gerðar hafa verið við Hlíðaskóla gefa skýrar vísbendingar um stöðu mála s.s. að því er varðar ýmsa þætti skólastarfs og samskipti heimilis og skóla. Verða þær nýttar til að finna úrlausnir á því sem betur má fara. Í anda gæðahrings ISO-9000 er mikilvægt að halda áfram mati á þessum atriðum og á því hverju úrlausnirnar skila. Jafnframt verður reynslan af framkvæmd þeirra nýtt til að vinna fleiri kannanir s.s. meðal nemenda og kennara.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið.

3.4 Kennaraháskóli Íslands
Leikjabankinn - Leikjavefurinn
Umsjón: Ingvar Sigurgeirsson dósent.
Ráðgjöf: Lára Stefánsdóttir kerfisfræðingur TVÍ

Leikjabankinn er samvinnu- og þróunarverkefni kennara og kennaraefna. Markmið bankans er að safna góðum leikjum til að nota í skólastarfi og kynna sem víðast með aðgengilegum hætti. Lýsingar leikjanna er hægt að fá í fjölríti í Bóksölu Nemendafélags Kennaraháskóla Íslands og á Leikjavefnum (vefslóðin er: <http://www.ismennt.is/vefir/leikir/>). Leikjunum í Leikjabankanum er safnað af kennurum og kennaraefnum í sjálfboðavinnu. Um 250 leikir eru nú í safninu, auk margvíslegs annars efnis.

Markmið Leikjabankans hafa verið skilgreind með svofelldum hætti:

- 1. Stuðla að betri og fjölbreyttari kennslu í grunnskólum með markvissri notkun góðra leikja.**
- 2. Vekja til umhugsunar um þýðingu góðra leikja í námi.**
- 3. Byggja upp aðgengilegan hugmyndabanka fyrir leiki sem henta í skólastarfi með virkri þátttöku sem flestra kennara og kennaraefna.**

Fátt er vitað um útbreiðslu leikja í skólastarfi. Margt bendir þó til þess að þeir séu ekki mjög algengir, nema í leikskólum og byrjendakennslu í grunnskólum. Þessu ræður áreiðanlega frekar tímaskortur en að kennarar hafi ekki nægilegan skilning á gildi leikja í námi. Einnig ræður áreiðanlega miklu að ekki er til aðgengilegt leikjasafn sem sérstaklega er sniðið fyrir skóla. Markmið Leikjabankans hefur ekki síst verið að bæta úr þessu.

Leitast var við að safna fjölbreyttum leikjum af ýmsu tagi sem hafa gildi í námi. Leikirnir eru flokkaðir í eftirfarandi flokka: Hópskiptingarleiki, hópstyrkingarleiki, hreyfileiki, hreyfiþrautir, „hver á að ver'ann?“, kynningarleiki, leikbrúður, leikræna tjáningu, námsspil, orðaleiki, raðþrautir, ratleiki, rökkeiki, skynjunarleiki, spurningaleiki, söguleiki, söng- og hreyfileiki, teikni- og litaleiki, ýmsa hópleiki og ýmsa námsleiki.

Fyrst og fremst er leitast við að safna ýmsum einföldum og góðum leikjum sem hægt er að fara í án mikils undirbúnings eða fyrirhafnar, helst í venjulegri skólastofu. Leikirnir þurfa að hafa eitthvert náms- eða þroskagildi.

Hugmyndin að Leikjabankanum kviknaði í tengslum við valnámskeið sem umsjónarmaður hefur haldið á 6. misseri í almennu kennaranámi undanfarin ár og hefur verið nefnt *Leikir sem kennsluáðferð*. Í tengslum við þetta námskeið var það verkefni lagt fyrir nemendur að safna leikjum til að setja í sameiginlegan hugmyndabanka. Þegar umsjónarmaður verksins var í rannsóknarorlofi árið 1995 tók hann saman þá leiki sem safnast höfðu og bjó til útgáfu: Ingvar Sigurgeirsson (í samvinnu við nemendur við Kennaraháskóla Íslands). 1995. *Leikjabankinn*, Reykjavík: Bóksala Nemendafélags Kennaraháskóla Íslands. Í þessari fyrstu útgáfu voru 150 leikir. Sótt var um styrk til Þróunarsjóðs til að auka safnið og gera það aðgengilegra, laða starfandi kennara til samstarfs og gera hluta efnisins aðgengilegan á tölvuneti.

Lára Stefánsdóttir var ráðin til að búa til grunn að vefsíðum fyrir Leikjabankann og hafa þær hlotið heitið Leikjavefurinn. Auk leikjanna eru á Leikjavefnum skrár yfir bækur og greinar um leiki og ábendingar um áhugaverðar tengingar (innlend og erlend leikjasöfn). Einnig er hægt að leggja leiki í safnið með því að nota innfyllingarform á vefnum. Í lok júní 1997 höfðu 2000 heimsóknir verið taldar. Þegar þetta er ritað eru um 250 leikir á Leikjavefnum. Nokkrir þeirra höfðu borist í gegnum vefinn en flestir komu

frá kennurum og kennaranemum sem sóttu námskeið um leiki sem kennsluaðferð undir stjórn umsjónarmanns.

Þegar þetta er ritað er unnið að því að setja umsagnir kennara og kennaraefna um einstaka leiki inn á vefinn og í undirbúningi er að setja upp leitarmöguleika sem gera notendum kleift að leita að leikjum í safninu eftir leitarorðum. Einnig er unnið að undirbúningi að 2. útgáfu Leikjabankans (prentaðri útgáfu).

3.5 Kennaraháskóli Íslands
Könnum saman lóð og mó
Umsjón: Torfi Hjartarson

„*Könnum saman lóð og mó*” er yfirskrift margmiðlunarefnis til náms og kennslu sem unnið hefur verið að í gagnasmiðju Kennaraháskóla Íslands og menntamálaráðuneytið styrkti skólaárið 1996 til 1997 með framlagi úr Þróunarsjóði grunnskóla. Vinna við þróun þessa efnis hófst árið 1993 og hefur staðið með mestum þunga árin 1996 og 1997 meðfram öðrum verkum í smiðjunni en þar eru oft miklar annir við þjónustu og ýmsa aðra starfsemi.

Verkinu er nú að mestu lokið hvað snertir hönnun skjámynda og framsetningu efnis í teikningum og ljósmyndum, atburðum og texta, allt frá fyrstu drögum til smæstu atriða í máli, útliti og grafískri vinnslu. Lætur nærri að fjöldi skjámynda fylli sjötta hundraðið og eru þá ekki talin yfirlit í líki leiðalýsinga og flokkuð atriðisorðaskrá sem samanlagt fylla nokkra tugi skjámynda. Ljósmyndir eru hátt í hundrað talsins og teikningar skipta hundruðum.

Fyrirhugað er að klippa til kvikmyndabúta af börnum í vettvangsferðum og koma þeim fyrir í efninu þar sem þeim er ætlaður staður. Loks verður fjölda stuttra hljóða komið fyrir vítt og breitt um efnið bæði til gagns og gamans og hefur meðal annars verið fest kaup á fuglahljóðum í því skyni.

Alls eru kynntar eða koma fyrir um 80 lífverur í þessu efni; 16 fuglar, 19 pöddur eða smádýr, 5 spendýrategundir og 40 plöntur. Auk þess er birt ljóð og þjóðsagnaefni, bent á kosti bókasafna, fjallað um líffræðiáhöld, uppblástur, sinuelda, skógrækt og fleira sem lýtur að umgengni við náttúruna. Þá má ekki gleyma að verkefninu er ekki síst ætlað að kynna nýja möguleika í námsefnisgerð og vera tilraun með nýja tækni.

Torfi Hjartarson forstöðumaður og Sólrún Harðardóttir verkefnastjóri hafa borið þungann af höfundastarfi og hönnunarvinnu við efnið en Hrefna Sigurjónsdóttir dósent hefur verið þeim til trausts og halds hvað snertir líffræðilegt inntak. Jón Ágúst Pálmason teiknari teiknaði flestar myndanna í svart-hvítu eftir skissum höfunda og Elín Aradóttir myndmenntakennari var ráðin til að teikna fjölda lífvera á meðan hún var við nám í Kennaraháskólanum. Sólrún og Hrefna unnu mest að öflun ljósmynda en Torfi hefur annast liti í teikningum og endanlegt útlit á efni. Sigurður Davíðsson kennari og fleiri munu aðstoða við tæknivinnslu á lokastigi og er stefnt að útgáfu á geisladiski á næstunni. Styrkfé úr Þróunarsjóði og víðar að hefur verið notað til að standa straum af kostnaði við kaup á teikningum, ljósmyndum og hljóðum en nokkru verið haldið eftir til kaupa á sérfræðiaðstoð við tæknilega vinnslu í lokin.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið.

3.6 Kennslumiðstöð Kennaraháskóla Íslands

Hugmyndabanki Kennslumiðstöðvar á Internetinu

Umsjón: Kolbrún Sigurðardóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir

Í hugmyndabanka Kennslumiðstöðvar Kennaraháskóla Íslands hefur frá árinu 1983 verið safnað verkefnum frá kennurum og öðru fræðsluefni. Afrit af þessu efni hefur verið hægt að fá í Kennslumiðstöð og hafa margir kennarar nýtt sér þá þjónustu. Einnig hefur fyrirspurnum og pöntunum utan af landi verið sinnt í gegnum síma og almennar póstsendingar. Með tilkomu hugmyndabankans á Internetinu, getur nú hver sem er, á hvaða tíma sem og hvar sem er í heiminum haft aðgang að hugmyndabankanum.

Markmið með hugmyndabanka Kennslumiðstöðvar á Internetinu er:

- að veita öllum jafnan aðgang að lýsingum á því efni sem til er í hugmyndabanka í húsnæði kennslumiðstöðvar,**
- að auðvelda fólki að nálgast verkefni, annaðhvort í gegnum póstsendingar eða á formi gagnvirkra verkefna á vefnum,**
- að hvetja til þess að nýtt efni verið lagt í hugmyndabankann,**
- að auðvelda dreifingu fræðslu- og kennsluefnis á Internetinu með safni fróðlegra tenginga,**
- að kynna og hvetja til notkunar á nýrri tækni og vera fyrirmynd fyrir útfærslu rafræns námsefnis.**



Hugmyndabankann má nálgast á Internetinu:

<http://rvik.ismennt.is/~kms>

Það er von styrkþega að hugmyndabankinn haldi í framtíðinni áfram að þróast, ný verkefni bætist við hann og kostir upplýsingatækninnar verði nýttir í þágu skólstarfs.

Kynning á hugmyndabankanum mun fara fram í vetur en skýrslu og frekari upplýsingar um hugmyndabankann er hægt að nálgast í Kennslumiðstöð KHÍ.

3.7 Safamýrarskóli
„Ráðgjöf í Safamýrarskóla”
Umsjón: Björk Jónsdóttir

Safamýrarskóli er grunnskóli fyrir þroskahefta og fjölfatlaða nemendur. Flestir nemendur skólans hafa eina eða fleiri fötlun auk þroskahömlunar, s.s. hreyfihömlun, skynjunarerfiðleika, einhverfu eða hegðunartruflanir. Allir nemendur eiga í erfiðleikum á sviði boðskipta, boðskiptaleikni þeirra er frá því að vera á stigi frumboðskipta til þess að geta nýtt sér einfalt talmál með stuðningi.

Skólinn hefur sinnt kennslufræðilegri ráðgjöf í öðrum skólum vegna fatlaðra nemenda sem hafa svipaðar námsþarfir og nemendur Safamýrarskóla. Ráðgjöfin hefur fram að þessu ekki verið formgerð innan skólans og því þótti vel við hæfi að gera það með styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla. Komidið hefur í ljós að ráðgjöf sem þessi er afar mikilvæg t.d. víða úti á landi þar sem e.t.v. er einn kennari með einn alvarlega fjölfatlaðan nemenda í skólanum. Það hefur sýnt sig að ráðgjöfin veitir fólki í slíkum tilvikum aðra og nýja sýn á hvað hægt er að gera með viðkomandi nemanda.

Markmið þróunarverkefnisins:

- a) að bæta þá ráðgjöf sem skólinn veitir öðrum,**
- b) skilgreina í hverju ráðgjöfin felst þ.e. vinnuferlið frá því að umsókn berst og formlegri ráðgjöf lýkur til viðkomandi,**
- c) útbúa aðgengileg gögn til stuðnings fyrir ráðgjafakennara,**
- d) útbúa kynningarbækling um ráðgjöfina.**

Í þróunarverkefninu tóku þátt 3 sérkennarar skólans auk umsjónarmanns. Þetta voru kennarar sem höfðu annast ráðgjöf. Allir sem sinnt hafa ráðgjöf í skólanum hafa talið mikilvægt að sú ráðgjöf sem skólinn veitir verði stofnanagerð að einhverju leyti þannig að allir hafi sama skilning á því í hverju hún felst og hvernig hún skuli framkvæmd þannig að ráðgjafar vinni á svipuðum nótum. Þegar leitað er til skólans vegna ráðgjafar þá fer ákveðið vinnuferli af stað sem mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um.

Í upphafi haustannar hittist hópurinn og var ákveðið að fara á námskeið sérkennarafélagsins „Sérkennarinn í ráðgjafarhlutverki“ sem haldið var í október 1996. Unnið var eftir fyrirfram ákveðinni tímaáætlun og stóðst sú áætlun að mestu. Hópurinn vann að skilgreiningu á ráðgjöf, setti upp ferli ráðgjafar, skilgreindi hlutverk og eiginleika ráðgjafa, þ.e. hvað þarf ráðgjafi að hafa til brunns að bera til að geta verið ráðgjafi í Safamýrarskóla. Útbúin var vinnuáætlun ráðgjafa og ráðþega þar sem fram kemur hvað og hvernig hvor um sig ætlar að vinna á ráðgjafartímabilinu. Útbúið var bakgrunnsupplýsingablað sem ráðgjafi getur stuðst við þegar hann aflar sér upplýsinga um þann nemanda sem ráðgjöfin beinist að. Tvær möppur voru útbúnar með myndrænum gögnum sem notuð eru í kennslu í skólanum. Önnur mappan inniheldur upplýsingar og gögn í tengslum við rofa- og tækjabúnað og hin inniheldur m.a. lista yfir heimatilbúin kennslugögn og sýnishorn af skipulögðu kennsluumhverfi með sjónrænum vísbendingum. Talið var mikilvægt að markaðssetja ráðgjöfina og í tengslum við það var útbúinn kynningarbæklingur um ráðgjafarþjónustu skólans. Útbúið var forrit í File Maker á Macintosh sem inniheldur flestallar upplýsingar sem ráðgjafi þarf á að halda og einnig eru þar skráningarblöð sem ráðgjafi skráir fengnar upplýsingar inná.

Að lokum skal þess getið að við flutning skólans frá ríki til sveitarfélags breyttist hlutverk hans hvað ráðgjöf varðar sem að mati styrkþega gæti verið skref aftur á bak. Þegar skólinn var ríkisskóli, voru um 23 st. á viku til ráðstöfunar í ráðgjöf og gat þá skólinn sent fólk út á land í 2 - 3 daga til að veita ráðgjöf og var það viðkomandi sveitarfélagi að kostnaðarlausu. Nú er hins vegar aðeins hægt að leita til skólans símleidis og veita ráðgjöf í gegnum síma eða koma á staðinn og fá ráðgjöf þar.

Safamýrarskóli hefur enga möguleika á að senda fólk út á land nema gegn því að viðkomandi sveitarfélag greiði allan kostnað sem af því hlýst. Þetta teljum við geta verið skref afurábak sem vonandi verður ráðin bót á síðar, því við vitum að ráðgjafar er þörf víða um land.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið.

3.8 Breiðholtsskóli, Garðaskóli og Menntaskólinn við Hamrahlíð
Enskir lestextar og verkefni fyrir efri bekki grunnskóla
English Texts & Tasks
Umsjón: Halla Thorlacius Garðaskóla, Helga Jensdóttir
Breiðholtsskóla og Kristín Guðmundsdóttir Menntaskólanum við
Hamrahlíð

Forsendur

Árum saman hefur skort lengri og krefjandi lestexta í ensku fyrir 14 - 15 ára nemendur. Með þessu verki hugðust styrkþegar ráða nokkra bót á þessu.

Markmið

Markmið þessa verkefnis var að taka saman enska rauntexta og semja verkefni þeim tengdum. Textar þessir og verkefni eru ætluð efri bekkjum grunnskóla og eiga fyrst og fremst að auka orðaforða nemenda, þjálfa þá í lesskilningi og mismunandi lestraraðferðum s.s. ítarlestri, leitarlestri og yfirlitslestri. Einnig eru ritgerðarverkefni tengd sumum textanna.

Framkvæmd

Safnað var saman ýmiskonar enskum rauntextum úr blöðum og tímaritum. Umsjónarmennirnir þrír skiptu með sér verkum við lestur og val á greinum. Þegar lestextar höfðu verið valdir hófst samning verkefna þar sem áhersla var lögð á fjölbreytileika hvað varðar þyngd og gerð. Að því búnu voru verkefnin forprófuð og endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Við uppsetningu verksins var haft í huga að raða saman textum með ólíkum verkefnum frekar en eftir þyngd, þó eru erfiðustu verkefnin aftast. Talið var áhugaverðara fyrir nemendur að glíma við ólík verkefni, þótt vinna megi þau í þeirri röð sem hentar hverju sinni.

English Texts & Tasks

Lesheftið er byggt á 27 enskum rauntextum, 39 lestrarverkefnum, auk hugmynda um hvernig vinna megi ritgerðir út frá sumum textanna. Einnig fylgir svarlykill. Alls er heftið 69 blaðsíður.

Eintak af **English Texts & Tasks** er varðveitt í menntamálaráðuneytinu. Tekið skal fram að ljósrítun er óheimil.

3.9 Engidalsskóli, Hafnarfirði
Félagsleg þátttaka nemenda sérdeildar Engidalsskóla í
Hafnarfirði, í almennum bekkjum
Umsjón Guðni Kjartansson, sérkennari

Í 54. grein laga um grunnskóla nr. 66 frá 1995 er lögð sú meginstefna að sérkennsla fari fram í heimaskóla. Í sérkennslureglugerð 389/1996 er í 1. grein skýrt kveðið á um að nemendur skuli eiga kost á að stunda nám í almennum grunnskóla í sínu skólahverfi. Sérdeildin í Engidalsskóla þjónar öllum grunnskólum Hafnarfjarðar.

Pau meginatriði sem skoðuð voru til þess að leita svara við spurningunni um hvað stuðli best að félagslegri þátttöku fatlaðra nemenda sérdeildar í almennum bekk voru eftirfarandi:

- 1. Námsgreinar.**
- 2. Staðsetning nemenda í kennslustofunni.**
- 3. Fjöldi nemenda í stofunni.**
- 4. Fjöldi kennara (starfsfólks).**
- 5. Fjöldi kennslustunda.**
- 6. Undirbúningur nemenda fyrir verkefnið, bæði nemenda sérdeildar og almennu bekkjanna.**

Þegar deildin í Engidalsskóla tók til starfa haustið 1994 var þegar hafist handa við að tengja nemendur hennar sem þá voru 6 ára við almennan 6 ára bekk sem var í stofu við hliðina. Þá þegar var sú stefna mörkuð að hafa sem mest tengsl við almenna bekk. Samskiptin voru með ýmsu móti. Bekkirnir fóru t.d. saman í skólaþróttir, bókasafnstíma og tónmennt og einnig var fastur tími á stundaskrá s.k. frjáls tími. Haustið eftir hófst samstarf þriggja kennara, við nemendaskipti, þ.e. nokkrir nemendur almennu bekkjanna komu í sérdeildina en nemendur þaðan fóru í almennu bekkina. Þetta samstarf var kallað gagnkvæm blöndun. Nemendur unnu allir sömu eða svipuð verkefni og gengu að öllu leyti inn í starf bekkjanna þann tíma sem þeir voru í heimsókn. Litið var á þetta starf sem undirbúning fyrir formlegt samstarf sem leiða átti til félagslegrar þátttöku fatlaðra nemenda með öðrum nemendum skólans. Þennan vetur voru gerðar margar tilraunir á skipulagi, námsefni, hópasetningum, hópastærð o.fl. Formlegt samstarf í átt til félagslegrar þátttöku nemenda í sérdeild í almennum bekk hófst í byrjun sept. 1996.

Haustið 1996 var byrjað með fjórar kennslustundir, tvær síðustu kennslustundirnar á þriðjudögum og tvær fyrstu á miðvikudögum. Þrjár þættir urðu til þess að hætt var að hittast á miðvikudögum. Fyrst má nefna erfiðleika vegna stundatöflu. Í öðru lagi var eini möguleiki kennara að hittast í hádegi á fimmtudögum til skipulagningar og mats. Að síðustu fannst kennurum að hætta yrði á þreytu í samskiptum allra með svo marga tíma því nemendurnir voru einnig saman í tónmennt og heimilisfræði.

Margir hafa haft áhyggjur af félagslegri stöðu fatlaðra barna í almennum skóla hvort sem þeir hafa verið í almennum bekk eða í sérdeild. Sérdeild hefur það fram yfir almennan bekk að einstaklingur er þar á meðal jafningja sinna. Aðrir telja að það sé grundvallar mannréttindi að fatlað barn fái menntun sína í almennum skóla og segja að eitt af hlutverkum skólans sé að tengja nemendur félagslega við umhverfi sitt og gera að virkum þátttakendum í lífinu. Þetta eigi einnig við um fatlaða nemendur og ef þeir séu aðgreindir frá öðrum með því t.d. að vera í sérskóla eigi þeir a.m.k. síður von með að geta orðið virkir þátttakendur í samfélaginu. Það er skylda kennara að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir félagslega einangrun nemenda. Fatlað barn í almennum grunnskóla leitar í þann hóp sem það telur jafningjahóp sinn. Með því að stækka hópinn og reyna að tengja fatlaða nemendur við aðra nemendur er líklegt að

reynsluheimur þess fatlaða víkki og það stuðli að meiri vellíðan hans og betri árangri í skólanum.

Með því að gera nemendum almennra bekkja kleift að kynnast fötluðum nemendum og alast þar með upp í veröld þar sem fatlaðir eru sýnilegir eru meiri líkur á að upp vaxi kynslóðir sem lausar eru við fordóma. Viðurkenning á tilverurétti minnihlutahópa, hverjir sem þeir eru, stuðlar að betra og mannlegra samfélagi. Fyrir liggur skýrsla um verkefnið.

3.10 Garðaskóli
Gæðastjórnun í skóla
Umsjón:

Verkefnið „Gæðamat í skólum“ er byggt á skoska efninu „Staff development and appraisal“ sem skoska menntamálaráðuneytið lét hanna og er nú þar hluti af gæðamati skólanna. Verkefnið fékk einnig styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla 1995-96.

Verkefnið spannar tvö ár. Fyrri árið fer í það að starfsmenn meta eigin störf og skólans, setja sér síðan ákveðin markmið sem þeir vinna að seinna árið. Einnig geta kennarar komið með hugmyndir að skólaþróunarverkefnum sem taka til ákveðins kennarahóps eða alls skólans. Þessi skólaþróunarverkefni geta verið hluti af því sem kennari þarf til þess að bæta eigið starf. Í þessu starfi vinna kennarar saman í þörum.

Byrjað er á námskeiði sem allir kennarar skólans sækja, þar er framkvæmd matsins kynnt og markmið verkefnisins skýrt. Kennarar vinna einnig verkefni tengd gæðamatinu og uppbyggjandi umræða fer fram. Matið fer þannig fram að þátttakendur fá matsmann sem valinn er innan hópsins. Matsmaðurinn er síðan kennara innan handar við sjálfsmatið. Í Garðaskóla urðu fagstjórar og árgangastjórar fyrir valinu sem matsmenn. Tekið skal fram að matsmenn fara líka í viðtöl. Matsmenn tóku viðtöl við kennara, þar sem kennari reynir að meta vinnu sína, líta á það sem vel gengur og það sem miður hefur farið. Í þessum viðtölum setur kennari sér síðan markmið um að bæta það í starfi sínu sem honum finnst ábótavant. Matsmaður skrifar síðan skýrslu úr samtölunum sem kennarinn yfirfer og skrifar undir ef hann er sáttur við hana. Eintak af skýrslunni er síðan geymt hjá kennara, matsmanni og skólastjóra. Eftir þetta vinnur kennarinn að markmiðum sínum og annað viðtal fer fram eftir vissan tíma sem matsmaður og kennari hafa ákveðið. Þar er vinna kennara að markmiðum metin. Eftir þetta getur ferlið byrjað upp á nýtt.

Úr þessum viðtölum geta einnig komið hugmyndir að einhverju sem bæta má í skólastarfinu þ.e. tekur til fleiri starfsmanna. Sérstakt gæðaráð sem komið hefur verið á laggirnar sér um að skoða þessar hugmyndir, velja skólaþróunarverkefni og vinna síðan að þeim ásamt öllum starfsmönnum skólans eða þeim hluta sem skólaþróunarverkefnið tekur til.

Á fundum gæðaráðs Garðaskóla sl. vor var ákveðið að halda áfram tilraunum með þetta verkefni en gera á því nokkrar nauðsynlegar breytingar. Bæði er þar um að ræða hugmyndir sem komnar eru frá kennurum og stjórnendum. Aðalatriðið er að ákveðið var að hafa ferlið eitt ár í stað tveggja. Önnur breyting er að bætt verður inn starfsmannaviðtölum sem skólastjórnendur taka við alla starfsmenn tvisvar yfir veturinn. Fyrri viðtalið verður þegar kennari hefur skilað inn viðtalsskýrslu, þ.e. í október eða nóvember. Í því viðtali verði rætt um efni skýrslunnar sem og almennt um frammistöðu starfsmannsins. Síðara viðtalið verði svo í apríl eða maí og þá verði rætt um hvernig kennaranum gekk að ná markmiðum sínum og einnig um starf kennarans næsta vetur. Þar sem hér er um mikið starf að ræða er gert ráð fyrir að bæði skólastjóri og aðstoðarskólastjóri taki þessi viðtöl.

Annað í ferlinu verður eins og verið hefur nema nú er gert ráð fyrir að matsmenn verði eingöngu úr röðum árgangastjóra og fagstjóra. Einnig er gert ráð fyrir að útbúið verði sérstakt form til skýrslugerðar sem á að tryggja að allir taki á og svari ákveðnum atriðum um eigin frammistöðu sem og skólans í heild.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið.

3.11 Holtaskóli, Keflavík <i>Bætt samskipti - betri skóli</i> Umsjón: Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Aðdragandi

Þrír kennarar Holtaskóla unnu samskipta- og skólaþróunarverkefni í námi við Háskóla Íslands og kynntu í skólanum sínum. Í kjölfarið kom upp áhugi fyrir því að vinna skólaþróunarverkefni í Holtaskóla þar sem tekið væri á samskiptum.

Markmið

Markmið verkefnisins var að að efla samskiptahæfni allra sem starfa í skólanum og efla félagsþroska nemenda.

Lýsing á verkefni

Fenginn var leiðbeinandi sem í samráði við umsjónarmann og skólastjórnendur gerði vettvangskönnun í skólanum og í kjölfarið var unnin áætlun í samræmi við áherslur og vilja kennara. Í kjölfarið var tekið upp samstarf við Kennaraháskóla Íslands og sérstakt námskeið skipulagt. Viðfangsefni námskeiðsins var tvíþætt. Annars vegar skipulögðu kennarar skólatengd verkefni þar sem unnið var á ýmsan máta að bættum samskiptum nemenda og kennara og hins vegar skoðuðu kennarar eigin starfskenningu og fylgdust með kennslu hver hjá öðrum.

Niðurstöður

Upphaflega stóð til að allir starfsmenn skólans tækju þátt í þróunarverkefninu. Því miður gekk það ekki eftir. Allir kennarar skólans tóku virkan þátt í umræðum og fyrirlestrum og stærsti hluti þeirra vann að skólatengdum verkefnum. Aðeins u.þ.b. helmingur kennara lauk síðara verkefninu.

Mat

Í mati þátttakenda kemur fram að umræða og samstarfs kennara við skólann hafi aukist og að vilji er til að halda áfram skólaþróunarstarfi við skólann. Kennarar hafa í verkefninu sett fram fjölmargar góðar hugmyndir að bættu skólastarfi og lýst yfir áhuga sínum að fylgja þeim eftir.

Skýrslu hefur verið skilað um verkefnið með ýmsum fylgiskjöllum.

3.12 Kópavogsskóli
Ætlunarverk foreldraráðs og skóla
Umsjón: Ólafur Guðmundsson

Undangengin ár hefur verið leitað leiða í Kópavogsskóla til að þróa foreldrastarfið í skólanum og samskipti heimila og skóla. Allt frá hausti 1990 hefur stjórn foreldrafélags skólans sinnt m.a. störfum sem nú eru skilgreind störf foreldraráðs sbr. 16. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. T.d. flokkast 68.7% umfjöllunarefna á fundum stjórnar foreldrafélagsins skólaárið 1992/93 undir skilgreind störf foreldraráðs. Skólaárið 1994/95 fékk skólinn svo styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla til verkefnisins „Samstarf heimila og skóla”. Það varð mikil lyftistöng fyrir framþróun þessa þáttar skólastarfsins. Allur þessi þróunarferill hefur m.a. orðið til þess að móta tiltölulega jákvætt viðhorf foreldra til skólans og greiða fyrir árangursríku samstarfi heimila og skóla. Þegar foreldrar fengu lögverndaðan vettvang innan skólans með tilkomu foreldraráðs þótti rétt að hefja vinnu við þróun sameiginlegrar skólastefnu eða ætlunarverks foreldraráðs og skólans – og til þess verks var sótt um styrk til Þróunarsjóðs grunnskóla.

Meginmarkmiðin með verkefninu eru þessi:

- að bæta skólann og árangur allra nemenda,
- að stuðla að árangursríku samstarfi heimila og skóla,
- að ryðja úr vegi hindrunum í samstarfi heimila og skóla,
- að byggja upp gagnvirkar upplýsingaleiðir í skólasamfélaginu,
- að fræða foreldra um skólastarf svo að þeir geti betur veitt skólanum þá aðhald og þá endurgjöf sem hvetur starfsmenn hans til starfrækslu framsækins gæðaskóla,
- að auka fagmennsku í skólastarfinu, gæði, nám og þroska nemenda.

Undirbúningur verkefnisins hófst sumarið 1996 með gagnasöfnun og gerð starfs- og tímaáætlana. Jafnframt var leitað til Endurmenntunardeildar Kennaraháskóla Íslands um ráðgjöf en vegna anna á þeim bæ fékkst sú ráðgjöf ekki. Þá var leitað fanga í Kaupmannahöfn, bæði hjá Lindevangskolen á Frederiksbergi og forstöðumanni Rannsóknarstofnunar DLH. Fengust þar bæði gögn og mörg góð ráð. Um haustið voru gögn og áætlanir lagðar fyrir foreldraráð og þess farið á leit að ráðið og skólastjórnendur mynduðu vinnuhóp til að vinna að framgangi verkefnisins. Foreldraráðið tók því fagnandi að taka þátt í verkefninu. Tíminn fram að áramótum fór að mestu í umræður, skilgreiningar hugtaka og lestur gagna. Þá var gerður gátlisti yfir þau atriði sem aðilar töldu brýnast að fjallað væri um í stefnuskránni eða ætlunarverkinu. Á grundvelli þessa gátlista skiptu aðilar síðan með sér verkum – en í vinnuhópnum voru auk umsjónarmanns: Jóna Möller, aðstoðarskólastjóri, formaður foreldraráðs, Jón Ólafur Halldórsson, og foreldraráðsfulltrúarnir Arney Einarsdóttir og Ari Þórðarson.

Afrakstur verksins eru nítján meginverkefni sem foreldraráð og skóli ætla sér í sameiningu að vinna að á næstu árum. Þessum verkefnum hefur ekki enn verið raðað í mikilvægisröð. Það verður gert þegar niðurstöður hafa verið kynntar foreldrum og starfsmönnum skólans. Þó liggur ljóst fyrir að verkefnin skólanámskrá, mat á skólastarfi og menningarmiðstöð verða framarlega í framkvæmdaröðinni og þegar hefur verið hafist handa varðandi verkefnið samningsstjórnun.

Þótt það ætlunarverk foreldraráðs og skóla sem hér hefur verið mótað taki fyrst og fremst mið af umhverfi Kópavogsskóla og mótist af þeirri sátt sem þar ríkir milli foreldraráðs og skóla á það engu að síður að geta nýst öðrum skólum í því uppbyggingarstarfi og þeim breyttu viðhorfum sem ný lagaákvæði um foreldraráð hafa

óhjákvæmilega í för með sér. Starfshópurinn sem unnið hefur að þessu þróunarverkefni í Kópavogsskóla í vetur er þess fullviss að það hafi styrkt mjög stoðir samstarfs foreldraráðs og skóla og eigi eftir að reynast góður grunnur fyrir frekari skólaþróun.

Skýrsla um þróunarverkefnið „Ætlunarverk foreldraráðs og skóla” verður fánleg á skrifstofu Kópavogsskóla meðan upplag endist.

3.13 Snælandsskóli

Breyttir kennsluhættir í dönsku í Snælandsskóla veturinn 1996 - 1997

Umsjón: Valborg E. Baldvinsdóttir og Anna M. Sigurðardóttir

Reynsla undanfarinna ára hafði sýnt dönskukennurum í Snælandsskóla að nemendur voru fremur áhugalausir um dönskunám. Kennurum þótti sú staða ekki viðunandi og því var sótt um styrk til Þróunarsjóðs grunnskóla, vorið 1996 til þess að breyta kennsluháttum og viðhorfi í dönskunámi í skólanum.

Meginmarkmið þessarar vinnu er að nemendur vinna út frá eigin forsendum og bera sjálfir ábyrgð á námi sínu. Stefnt var að því að námið yrði fjölbreytt og skemmtilegt, að nemendum fyndist gaman í tímum, og ynnu með ánægju bæði í skólanum og heima.

Kennarar höfðu kynnst þeirri aðferð í Danmörku að byggja á einstaklingsreynslu nemenda, áhugamállum þeirra og fyrri reynslu. Nýtt var það efni sem til var og bætt ýmsu við svo sem smásögum, vikublöðum og dagblöðum. Einnig komu nemendur með efni að heiman sem var unnið í tímunum.

Uppbygging kennslutímans er í grundvallaratriðum eins í öllum árgöngum. Allir hafa þeir tvöfaldan tíma einu sinni í viku og svo stakan tíma sem er hefðbundinn kennaratími, með innlögnum, stílum og málfræði. Allir nemendur hafa samskonar vinnubækur sem þeir skrifa í allt sem unnið er, bæði í skóla og heima.

Hér á eftir er lýsing á vinnuferli í tvöföldum tíma hjá 6. bekk:

Allir áttu að tala dönsku saman, hver eftir sinni getu. Hver tími byrjaði með skráningu í dagbók. Kennarinn skráði alla liði á töflu og gæti slík skráning litið þannig út:

1. Lytteøvelse: Að mestu úr kennslubókum.
2. Hjemmearbejde. Nemendur gera grein fyrir.
3. Et skuespil. Nokkrir nemendur.
4. Et digt. Nemenda les.
5. Arbejde i timen.
6. Jeg vil arbejde hjemme. Ákvörðun um heimavinnu.

Nemendur skrá af töflunni í dagbókina og tíminn lestar sig af stað lið fyrir lið.

Ef ekkert þema var í gangi völdu nemendur hvað þeir ætluðu að vinna í tímanum.

Þeir voru oft ákaflega hugmyndaríkir og bjuggu til margbreytileg verkefni svo sem:

Orðabækur. Þeir flettu upp nýjum orðum og skráðu eða fundu orð yfir dýr; hús eða hvað svo sem þeim datt í hug.

Bækur. Þeir klipptu myndir eða texta úr blöðum og bjuggu til sögur.

Þeir teiknuðu myndir eða skrifuðu texta og settu í bók.

Myndasögur. Þeir bjuggu til myndasögur ýmist í dagbók eða á veggspjald.

Líkön. Margir bjuggu til íbúðir; brúður; leiksvið; dýragarða og skrifuðu texta við. Textinn var stuttur í byrjun en lengdist, þegar liða tók á veturinn.

Spil. Þeir bjuggu til alls konar minnisspil og bingóspil og var orðabókin óspart notuð við slíka iðju.

Pemavinna var í gangi af og til. Hjá 6. bekk voru það dýr og árstíðirnar.

Smásögur eða stuttir textar ásamt verkefnum voru fastir liðir í mánuði, eitt til tvö verkefni, eftir getu hvers og eins.

Mat okkar á þessum vetri er að þessi vinnubrögð skili ánægjulegri vinnu, betri afköstum og ánægðari nemendum. Mörg verkefni vitna um það, og er það skoðun styrkþega að

vel hafi tekist til, þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika, aðallega hjá kennurunum. Þeir foreldrar sem fylgdust með tilraunum lýstu yfir ánægju sinni með þessa nýbreytni í dönskunámi.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið.

3.14 Grundaskóli, Akranesi
Námsferill-Leiðsagnarmat
Umsjón: Rósa Einarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson

Verkefni þetta er fyrsti hluti af rannsóknarverkefni sem gengur út á að leggja mat á kennslu í unglíngadeildum Grundaskóla. Útbúinn var spurningalisti fyrir fyrrverandi nemendur skólans, árgang fæddan 1979 sem lauk grunnskólaprófi vorið 1995. Í spurningalistanum eru nemendur beðnir að leggja mat á ýmsa þætti skólastarfsins í Grundaskóla samanber meðfylgjandi markmiðalista. Umsjónarmenn þessa verkefnis kenndu svarendum á árunum 1992-1995. Við kennslu þessa árgangs var lögð áhersla á ýmsa þætti s.s. að rækta vel félagslega þætti, getuskiptingu í ákveðnum námsgreinum og öflugt umsjónarkennarakerfi. Hugmyndin er sú að nota niðurstöður þessara spurninga til leiðsagnar við að skipuleggja kennslu nemenda sem eru fæddir 1983 en sömu kennarar hafa umsjón með þeim árgangi. Skipulag kennslunnar verður síðan endurskoðað í ljósi reynslunnar í lok 10. bekkjar vorið 1999.

Markmið verkefnisins:

- 1) **Mat á kennsluaðferðum síðustu ára í unglíngadeildum Grundaskóla.**
- 2) **Tengsl námsferils nemenda að grunnskólanámi loknu og kennsluaðferða í grunnskóla.**
- 3) **Mat á kennsluaðferðum og líðan nemenda í skóla.**
- 4) **Hvernig nýtist umsjónarkennaraformið sem skólinn hefur lagt áherslu á í stað fagkennslu?**
- 5) **Unnið er mikið með félagslega þáttinn. Hvernig hefur það nýst nemendum?**
- 6) **Ferðaskipulag í 10. bekk (íslenska, stærðfræði). Mat nemenda á gildi þess fyrir áframhaldandi nám þeirra og starf.**

Mat:

Vinnsla þessa fyrsta hluta verkefnisins *Námsferill-Leiðsagnarmat* hefur gengið vel. Niðurstöður hafa fengist í mörgum liðum og eiga að gagnast við að bæta kennslu í unglíngadeildum Grundaskóla. Helstu niðurstöður eru þær að nemendur Grundaskóla fæddir 1979 hafa flestir haldið áfram námi og gengur vel. Þeir telja sig almennt hafa verið vel undirbúnir fyrir framhaldsskólann. Þeir hampa mjög umsjónarkennarakerfinu og telja það vera einn af sterkustu hlekkjum grunnskólans. Gott félagsstarf tengist augljóslega líðan nemenda í skólanum. Nemendur eru fylgjandi getuskiptingu en í umsjónarkennarakerfi. Þeir benda á ýmislegt sem betur mætti fara, t.d. að skólinn leggi áberandi minnsta áherslu á smíðar og líffræði, eðlis- og efnafræði. Hins vegar sé námsgreinum s.s. ensku, dönsku, íslensku, stærðfræði, tónmennt og myndmennt hampað. Árgangur fæddur 1979 sem útskrifaðist úr Grundaskóla er almennt ánægður með dvöl sína í skólanum og eru nemendur einróma um að Grundaskóli sé góður skóli.

Fyrir liggur ítarleg skýrsla um verkefnið ásamt fjölda fylgiskjala.

3.15 Grundaskóli

Margmiðlun í myndmennt og tónmennt

Umsjón: Elín María Thayer og Flosi Einarsson

Undanfarin ár hafa kennarar bæði unnið með tölvur í myndmennt og tónmennt í Grundaskóla. Langaði kennara til að fara markvissar í hlutina, reyna að samþætta þessar greinar og útbúa í kjölfarið námskrá þar sem tölvunotkun væri markviss þáttur í myndmennt og tónmennt. Ákveðið var síðan að fara út í þetta þróunarverkefni til að hrinda hugmyndum kennara í framkvæmd.

Markmiðið með verkefninu var:

- að leita nýrra leiða í mynd- og tónmenntarkennslu,
- að samþætta þessar námsgreinar í gegnum tölvunotkun,
- að útbúa nýja námskrá fyrir skólann í mynd- og tónmennt,
- að kanna hvort tölvunotkun skilaði áhugasamari nemendum,
- að leita nýrra leiða í námsmati,
- að kynna fyrir nemendum möguleika alnetsins.

Skólaárið 1995-96 kviknaði þessi hugmynd í Grundaskóla að fara út í þróunarverkefni þar sem myndlist og tónlist tengdist í gegnum tölvur. Sótt var um þróunarstyrk sem fékkst og hægt var að hefjast handa strax haustið 1996. Byrjuðum við á að kynna okkur hvað aðrir skólar hafa gert á þessu sviði og einnig reyndum við að kynna okkur flestar nýjungar á sviði tækja og forrita. Að því loknu vorum við ákveðin í að búa til heimasíðu þar sem skólinn skyldi kynntur og jafnframt yrði hlutur myndlistar og tónlistar meginviðfangsefnið.

Við fengum lítinn hóp nemenda úr 10. bekk (8 nem.) til að tilraunakeyra verkefnið. Skiptum við nemendum eftir áhugasviði í hópa til að vinna að tónlist eða myndlist. Voru unnin myndverk við tónlistarstef og öfugt og einnig urðu nemendur að afla töluverðra heimilda um sögu skólans. Einnig þurftu nemendur að læra á forrit til að geta útbúið heimasíðuna. Þetta gekk allt vel þrátt fyrir að verkefnið væri að mestu unnið um helgar og skiluðu nemendur mikilli vinnu. Of mikill tími fór samt í að vefa síðuna sjálfa og verður í framhaldinu reynt að koma á samvinnu við aðra tölvuvalhópa til að útbúa sjálfar heimasíðurnar þannig að við getum einbeitt okkur enn frekar að tónlistar- og myndlistarþættinum.

Í stuttu máli sagt teljum við okkur hafa náð öllum þeim meginmarkmiðum sem við settum okkur í upphafi. Árangurinn af starfinu er hægt að finna sem hluta af heimasíðu Grundaskóla sem finna má í gegnum Ísmennt. Einnig liggur fyrir stutt skýrsla um verkefnið. Slóðin er: <http://www.aknet.is/~grundaskoli/>

3.16 Grundaskóli Akranesi
Ég vil vera í sama skóla og bræður mínir
Unnið af Ástu Egilsdóttur og Margréti Þorvaldsdóttur
Umsjón: Sigurveig Sigurðardóttir

Í október 1994 lögðu foreldrar drengs með Down's heilkenni fram þá ósk við skólastjóra Grundaskóla að drengurinn hæfi skólagöngu þar haustið 1995 í 1. bekk og fengu þeir jákvætt svar. Strax í skólabyrjun var ljóst að vinnan í tengslum við veru drengsins í bekknum yrði tímafrek og krafðist meiri undirbúnings en kennarar höfðu gert sér grein fyrir. Var því ákveðið að sækja um styrki í Þróunarsjóð grunnskóla og Verkefna- og námstyrkjasjóð Kennarasambands Íslands til að standa að verkefninu. Veittur var styrkur úr báðum sjóðum fyrir skólaárið 1996 - 1997.

Markmið verkefnisins:

1. Að veita viðkomandi nemanda sem besta þjónustu m.a. með því að tryggja honum félagslega stöðu innan bekkjarins.
2. Að tryggja að tjáningarform nemandans *Tákn með tali* sé virkt og virt í bekknum.
3. Að meta og skrá hvernig til tekst að veita nemanda með Down's heilkenni kennslu og þjálfun við hæfi í almennri bekkjardeild og leita samanburðar og samstarfs við aðra skóla.
4. Að vinna skýrslu, hugmynda- og gagnasafn, sem nýst gæti öðrum skólum hér á svæðinu og e.t.v. víðar varðandi kennslu nemanda með Down's heilkenni í almennum bekkjardeildum.

Undirbúningur hófst strax í júní 1995 með því að umsjónarkennari, aðstoðarskólastjóri, skólasálfræðingur og sérkennari við Grundaskóla fóru á fund starfsmanna Greiningarstöðvar ríkisins og fengu þar upplýsingar um stöðu drengsins. Einnig fundaði umsjónarkennari með þroskaþjálfara sem sá um þjálfun hans í leikskólanum. Þá tók við öflun upplýsinga um einkenni fötlunar og gagna er nýttust í starfi með drengnum. Áhersla var lögð á að ráðinn yrði starfskraftur til aðstoðar umsjónarkennara allan þann tíma sem drengurinn væri í skólanum. Ráðinn var kennari í 10 kennslustundir á viku til að sinna sérkennslu drengsins og ófaglærður stuðningsaðili þann tíma sem upp á vantaði.

Í lok ágúst, áður en starfsdagar kennara hófust, var efnt til námskeiðs í *Táknnum með tali* á vegum bæjarins en leiðbeinendur komu frá Greiningarstöð ríkisins. Námskeiðið sótti allt það starfsfólk skólans sem drengurinn kæmi hugsanlega til með að hafa samskipti við. Á þessum tveimur árum hafa umsjónarkennari og sérkennari drengsins heimsótt nokkra skóla og sótt námskeið/vinnufundi til að afla sér þekkingar og ráðgjafar.

Einstaklingsnámskrá var samin. Teknir eru fyrir þættir á sviði félags-, vitsmuna- og hreyfiþroska. Seinna árið var viðbótarnámskrá samin en hún byggðist á athafnalistum frá Hafdísí Guðjónsdóttur. Þar voru teknir fyrir þættir eins og sjálfshjálp, frístundir/atburðir og dagleg störf. Ennfremur var lögð áhersla á að skapa drengnum auðugt námsumhverfi og stuðla að virkni hans í skólastarfinu. Frá upphafi hefur markvisst verið unnið að því að tryggja félagslega stöðu hans í bekknum og gera hann sjálfstæðan. Til að tryggja að samskipti eigi sér stað var þeirri vinnureglu komið á að bekkjarfélagar hans skiptust á að vinna með honum í kennsluforritum í tölvu þar sem þeir aðstoðuðu hann við verkefni undir leiðsögn sérkennara. Einnig skiptust bekkjarafélagar hans vikulega á að skipuleggja samstarf við nemandann sem fólst í því að leika við hann í frímínútum, spila við hann og lesa fyrir hann. Í framtíðinni er stefnt að því að samskipti hans við bekkjarféлага byggist æ minna á afskiptum eða frumkvæði hinna fullorðnu. Leggja þarf sérstaka áherslu á *Tákn með tali* sem er og verður tjáningarform hans um

ófyrrisjáanlegan tíð. †msar leiðir voru farnar til að gera tjáningarformið virkt og virt í bekknum, m.a. samið námsefni til að nota við kennslu TMT í almennum bekk.

Fyrir liggur lokaskýrsla um verkefnið, með tilheyrandi fylgiskjölum. Þá er verið að vinna að handbók með gögnum sem búin hafa verið til í tengslum við veru drengsins í bekknum. Það er von styrkþega að hún geti nýst öðrum við kennslu barna með samskonar fötlun.

3.17 Grunnskólinn Hól mavík, Grunnskóli Eyrarsveitar og Grunnskólinn á Ísafirði
Próunarverkefni í náms- og starfsfræðslu
Umsjón: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

Áhersla á kennslu í náms- og starfsfræðslu hefur ekki verið viðamikil í grunnskólum landsins. Á árunum 1993-96 kom út nýtt námsefni í náms- og starfsfræðslu sem ber heitið „Margt er um að velja. Náms- og starfsfræðsla fyrir eldri bekkir skóla.“ Aðdragandi próunarverkefnisins er í stuttu máli sá að í ágúst 1995 var námskeið í náms- og starfsfræðslu haldið í Kennaraháskóla Íslands. Námskeiðið var í umsjón Guðbjargar Vilhjálmsdóttur kennslustjóra við Háskóla Íslands. Á námskeiðinu kynnti hún nýtt námsefni sem ber heitið „Margt er um að velja.“ Guðbjörg er sjálf höfundur að efninu. Í framhaldi af námskeiðinu var ákváðið af þremur grunnskólakennurum ásamt Guðbjörgu að taka efnið í kennslu og reyna að meta árangurinn.

Markmið með verkefninu var að:

- Reyna „ólíkar“ kennsluáferðir og meta árangur af þeim.
- Hanna mismunandi eyðublöð fyrir kennsluáætlun og prófa þau.
- Hanna matsblað fyrir nemendur.

Vorið 1996 komu kennarar saman ásamt Guðbjörgu og afmörkuðu efnið í samræmi við styrkveitingu og tíma. Námsefnið „Margt er um að velja“ er ætlað til kennslu í 8., 9. og 10. bekk. Hér er um að ræða þrjú hefti sem ætluð eru hverjum árgangi og auk heftanna er önnur bók ætluð sem ítarefni fyrir alla árganga. Hópurinn valdi að afmarka sig við námsefni 9. bekkjar, „Að átta sig á skólakerfinu.“ Markmiðin með námsefninu eru að nemendur þekki vel til skólakerfisins og að þeir kanni eigin hegðun í skóla.

Haldnir voru sex fundir skólaárið 1996 -1997. Á fundunum ræddi hópurinn framvindu kennslunnar og þróaði matsblað fyrir nemendur. Nemendum gefst með því kostur á að leggja mat á kennslu hvers kafla og jafnframt gefst kennara tækifæri til að meta árangur kennslunnar. Einnig var þróað handhægt eyðublað fyrir kennsluáætlun. Bæði formin geta gengið með námsefni 8. og 10. bekkjar.

Teknar voru upp á myndband kennslustundir hjá öllum þremur kennurum þar sem fengist var við sama viðfangsefni námsefnisins. Upptökurnar voru metnar á sameiginlegum fundi.

Væntanleg er skýrsla ásamt ítarefni mjög fljótlega.

3.18 Húnavallaskóli, Laugarbakkaskóli, Varmahlíðarskóli og Varmalandsskóli
Sérstaða sveitaskóla
Umsjón: Sigrún Einarsdóttir, Laugarbakkaskóla

Vorið 1995 hittust skólastjórar ofantaldra skóla og ræddu ýmsar leiðir til að laga skólann að dreifbýlinu og þörfum þess án þess að raska skólahaldi. Á vorin eru sjónarmið sérstaklega farin að stangast á, þar sem börnin í skólahverfum þessara skóla eru mörg frá sveitaheimilum og þar með sauðfjárræktarþúum eða gróðrarstöðvum. Þetta var rætt í skólunum og í maí 1995 komu skólastjórar saman ásamt fulltrúum kennara þessara skóla til að ræða þetta frekar og undirbúa fyrir vorið 1996.

Markmið með verkefninu var:

- að bregðast við viðbrögðum dreifbýlisins sem mótvægi gegn þeirri þróun að skólahald hér á landi taki einvörðungu mið að þörfum þéttbýlisbúa með lengri árlegum skólatíma,**
- að efla vitund nemenda fyrir náttúrunni og breytingum á henni sem verða á vorin,**
- að aðlaga skóla að lífsmynstri og atvinnuháttum sveitafólks,**
- að færa skólastarfið að hluta út fyrir veggi skólahússins,**
- að einn þáttur í skólastarfi sé að kynna heimabyggðina fyrir nemendum,**
- að efla samstarf sambærilegra skóla í fjórum sýslum.**

Haustið 1995 hófst undirbúningur að vorverkefni sem ætlunin var að útfæra í öllum skólunum í maí 1996. Í janúar 1996 komu kennarar þessara skóla saman og unnu sameiginlega að undirbúningnum. Verkefninu var skipt í 4 aldurstig.: Yngsta stig: 1.-4. bekkur, miðstig: 5.- 6. eða 7. bekkur, efsta stig: 7. eða 8. - 9. bekkur, og 10. bekkur. Skiptingin milli stiga var aðeins breytileg eftir því hvernig samkennta árganga var í þessum skólum. Að öðru leyti var verkið útfært á ólíkan hátt í skólunum fjórum.

Í byrjun apríl 1996 var aftur fundur og hver kennarahópur (sbr. aldursskiptingu) bar sig saman með útfærslu og undirbúning verkefnis. Ákveðið var að brjóta upp hefðbundið skólastarf 1-2 síðustu vikunnar í maí og bjóða upp á nám sem sniðið væri að samfélagi því sem þessir skólar eru sprotnir úr.

Yngsta stigið: Þar var vinna í skóla með kennurum að óhefðbundnum verkefnum sem tengjast vorinu, náttúrufræði, rannsóknum, vettvangsferðum og ýmis konar útvinnu.

Miðstig: Heimabyggðarverkefni, ferðalög tengd náttúruskoðun og sögu, fræðsluerindi og ýmis konar verkefni tengd sveitastörfum heima fyrir og nemendur skiluðu inn dagbók yfir þau. Hugmyndir um heimadaga hentuðu ekki öllum vegna aðstæðna, en tveir skólanna létu nemendur á þessu stigi vera að hluta til heima og vinna verkefni tengd sveitastörfum og var svo unnið úr þeim í skólanum á eftir.

Efsta stig: Þar voru nemendur mest heima þennan tíma og þar var mest unnið úr upplýsingaöflun og nemendur voru með úrvinnslubækur, dagbækur og matsblöð, sem atvinnurekendur fylltu út. Tekið var þátt í atvinnulífinu í dreifbýlinu og þeim sem áttu ekki kost á að vera í sveitastörfum var útvegaður staður hjá atvinnurekanda í sauðburði, skógrækt eða ylækt.

10. bekkur: Allir voru sammála um að 10. bekkur hefði sérstöðu í þessu verkefni. Boðið var upp á ýmis verkefni í skólanum, námskeið og fræðslufundi Samstarf við foreldra var mjög mikið sem og í hinum hópunum. Starfslok skólanna voru með ólíkum hætti, þ.e. innra skipulag skólans, svo að mismunur var þó nokkur á milli skólanna hvað varðar þennan hóp, þó að samstarf væri við þessa vinnu.

Nemendur, foreldrar og kennarar voru yfirleitt jákvæðir og ánægðir með þessa nýbreytni hjá skólunum. Allir voru sammála um að það að brjóta upp hefðbundið skólastarf á þessum tíma skilaði sér í góðum árangri bæði fyrir nemendur og kennara.

Fyrir liggur ítarleg skýrsla um verkefnið með ýmsum fylgigögnum frá skólunum.

3.19 Borgarhólsskóli, Grenivíkurskóli, Hafralækjarskóli og Hrafnagilsskóli

Aukin gæði náms - AGN

Umsjón: Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir, Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson

Þróunarverkefnið „Aukin gæði náms“ - AGN hefur verið starfrækt undanfarin tvö ár í fjórum skólum á Norðurlandi eystra: Borgarhólsskóla á Húsavík, Grenivíkurskóla, Hafralækjarskóla í Aðaldal og Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit.

Markmið þess er að styrkja forsendur skóla til sjálfsmats og skólaþróunar með það fyrir augum að bæta skilyrði nemenda til náms og auka námsárangur, í víðasta skilningi þess orðs.

Verkefnið er enskt að uppruna og heitir á ensku *Improving the Quality of Education for All - IQEA*. Höfundar þess eru Mel West, Mel Ainscow, David Hopkins og Geoff Southworth, sem allir eru, eða voru til skamms tíma, kennarar við University of Cambridge School of Education. Þessi tvö ár hefur verkefnið verið unnið í náinni samvinnu við höfundana og hefur Mel West verið umsjónarmaður þess og tengiliður við íslenska umsjónarmenn.

Íslenskir umsjónarmenn verkefnisins og ráðgjafar í þátttökuskólunum hafa verið Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson. Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson frá KHÍ hafa séð um rannsókn á framkvæmd og mat á árangri verkefnisins og einnig tekið þátt í undirbúningi og vinnu á starfsdögum þróunarstjórna. Starfsmenn við rannsóknina voru Áslaug Þórhallsdóttir, Soffía Gísladóttir og Guðmundur Þór Ásmundsson.

Skilað hefur verið ítarlegri lokaskýrslu um verkefnið en áður hafa verið gerðar þrjár áfangaskýrslur um það. Skýrslan skiptist í tvo meginhluta: Í hinum fyrri er þróunarlíkan AGNsins skýrt út og fjallað um þau viðhorf sem það byggir á. Gerð er grein fyrir tengingu við höfunda IQEA í Englandi og farið yfir helstu þætti í framkvæmdinni þessi tvö ár. Í fjórða og fimmta kafla skýrslunnar er reynt að leggja nokkurt mat á árangur verkefnisins. Þar er fjallað um hvernig hlutverk ráðgjafanna þróaðist og í fimmta kafla, sem jafnframt er sá veigamesti, er lagt nokkurt mat á árangurinn. Við matið voru fyrst og fremst höfð til viðmiðunar sjónarmið kennara þátttökuskólanna svo og mat ráðgjafanna sem byggir á gögnum og reynslu sem safnast hefur yfir tímabilið. Rétt er að taka fram að ítarlegra mat á verkefninu mun koma fram í sérstakri skýrslu Barkar Hansen og Ólafs H. Jóhannssonar um rannsóknina.

Síðari hluti skýrslunnar er lokaskýrsla hvers skóla þar sem þróunarstjórnir fjalla um framvindu og árangur verkefnisins undanfarin tvö ár.

3.20 Pelamerkurskóli

D.B.A.E. í daglegri kennslu

Umsjón: Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, grunnskólakennari

Aðdragandi þessa verkefnis var að lokaritgerð umsjónarmanns frá KHÍ vorið 1993, fjallaði um kennsluáferð þá er nefnist Discipline Based Art Education. Höfundur hefur kennt töluvert eftir þessari hugmyndafræði en vildi nú reyna að kenna alla myndmennt við Pelamerkurskóla eingöngu í anda þeirrar kennslufræði og þróa kennsluefni til þess.

Markmiðið með verkefninu var að gæta þess að myndmenntarkennsla allra námshópa í Pelamerkurskóla grundvallaðist jöfnum höndum á þeim fjórum meginþáttum sem D.B.A.E. felur í sér, þ.e. sköpun, listasögu, fagurfræði og gagnrýni. Útbúa skyldi „kennslupakka“ með tilliti til þessara þátta,- með leiðbeiningar fyrir kennara, vinnubækur fyrir nemendur og námsmat. Loks skyldi athugað hvernig kennslufræðin D.B.A.E. virkar í raun við íslenskar aðstæður.

D.B.A.E. kennslufræðin er upprunnin í Getty Center for Education in the Arts, í Bandaríkjunum. Hún byggir á fjórum meginþáttum og því vill umsjónarmaður nota íslenska heitið *Margþætt myndmennt*. Þessir þættir eru: listsköpun, listgagnrýni, listasaga og fagurfræði. Þegar kennt er samkvæmt hugmyndafræði *Margþættrar myndmenntar* þá er myndmennt ómissandi þáttur í almennu námi nemenda,- ekki viðauki eða skreyting.

Í Pelamerkurskóla eru u.þ.b. 90 nemendur í 1.-10. bekk, en kennt er í 6 bekkjardeildum. Hver deild fær 2 tíma í myndmennt á viku. Fyrir veturinn var gert heildarskipulag í anda *Margþættrar myndmenntar* fyrir allar bekkjardeildirnar. Síðan voru unnir „kennslupakkar“ fyrir þau verkefni sem voru á dagskrá. „Kennslupakkarnir“ innihéldu markmiðslýsingar, leiðbeiningar um kennsluferlið, ábendingar um bækur og myndir og vinnubækur fyrir nemendur. Síðan var kennt eftir skipulaginu og eftir það var efnið endurrunnið, breytt og bætt.

Niðurstöður verkefnisins voru ýmsar. Þar má nefna m.a. að umsjónarmaður telur að tvær kennlustundir á viku dugi tæplega til að vinna á þennan hátt. Myndmenntin þyrfti að vera oftari,- eða með aukinni samvinnu við umsjónarkennara og þá með hugmyndafræði *Markþættrar myndmenntar* að leiðarljósi,- því kennslufræðin skarast við margar aðrar námsgreinar. Kennslan varð markvissari, fagið fékk að mati umsjónarmanns aukið vægi í augum nemenda, foreldra og samkennara. Nemendur öðluðust aukna færni í listsköpun, gagnrýni, listasögu og fagurfræði. Eftirtektarvert var hve nemendur þjálfuðust í að skoða myndverk og tjá sig um þau og færa rök fyrir skoðunum sínum. Sköpunarvinnan varð agaðri þegar hinir þættirnir voru með,- nemendur virtust fá frelsi til að skapa,- aukið þor og ánægja jókst. Stöðug framþróun átti sér stað hjá nær öllum nemendum. Vegna áherslu á hina mismunandi þætti þá voru allir nemendur góðir í einhverjum þætti og geta þeirra og sjálfstraust jókst. Einnig gerir fjölbreytni *Margþættrar myndmenntar* það að verkum að hún hentar mjög vel sem kennslufræði í samkennslu,- getublönduðum hópum eins og í Pelamerkurskóla. Hugmyndafræði *Margþættrar myndmenntar* er komin inn í skólanámskrá Pelamerkurskóla,- þannig að fyrir liggur að kennt verður samkvæmt henni áfram.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið og ýmis fylgiskjöl. Fyrirhugað er að koma „kennslupökkum“ þeim sem útbúnir voru í útgáfu,- eða í dreifingu á einhvern þann hátt að nýtist öðrum kennurum og skólum.

3.21 Egilsstaðaskóli og Menntaskólinn á Egilsstöðum
Samstarf um nám grunnskólanemenda í framhaldsskóla
Umsjón: Valborg Sveinsdóttir

Verkefnið hófst með því að nokkrir nemendur í 9. bekk Egilsstaðaskóla tóku samræmd próf vorið 1995. Þeir hófu síðan nám í Menntaskólanum á Egilsstöðum samhliða 10. bekkjarnáminu skólaárið 1995-96. Verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 1996-97 og það skólaár stundaði annar hópur nemenda úr 10. bekk Egilsstaðaskóla nám við ME.

Markmið verkefnisins var að auka samskipti milli skólastiga með því að gefa hæfileikaríkum nemendum tækifæri til þess að nýta lotukerfi Egilsstaðaskóla - en það kerfi miðar að því að nemendur fari í gegnum námsefnið á þeim hraða sem hentar. Hæfileikaríkir nemendur geta þannig lokið grunnskólanámi í einstökum greinum fyrr, og hafið nám á framhaldsskólastigi samhliða námi í 10. bekk.

Skólaárið 1995-96 tóku sex nemendur þátt í verkefninu og sami fjöldi skólaárið 1996-97. Þeir tóku samræmd próf í 9. bekk í ýmist einni, tveimur eða þremur greinum - flestir í ensku. Fyrra árið var um að ræða ensku, stærðfræði og íslensku. Seinna árið voru greinarnar enska, stærðfræði og danska. Reynt var að stilla saman stundaskrár skólanna þannig að nemendur í 10. bekk Egilsstaðaskóla gætu farið og sótt tíma í ákveðnum námsgreinum í Menntaskólanum á meðan jafnaldrar þeirra væru í viðkomandi fagi í grunnskólanum. Þetta reyndist talsvert erfitt viðfangs, einkum þar sem tímar eru mislangir (40 mín. í Egilsstaðaskóla og 50 mín. í ME), og forsendur í stundatöflugerð ólíkar. Því var nokkuð um nokkurra mínútna misræmi á milli kennslustunda sem einkum bitnaði á nemendum Egilsstaðaskóla.

Nemendurnir höfðu umsjónarmann í Menntaskólanum sem tók á móti þeim í upphafi og kynnti þeim kerfið og skólann. Þeir funduðu síðan með umsjónarmanni að jafnaði einu sinni í viku og ræddu það sem efst var á baugi hverju sinni hvað varðaði verkefnið - skipulag, námsframvindu, prófafyrirkomulag, félagslega þætti og fleira. Umsjónarmaður fylgdist með námsframvindu og félagslegu gengi nemenda.

Nemendur voru ánægðir að fá tækifæri til að spreyta sig fyrr í framhaldsskólanámi og sýndu mikinn samstarfsvilja. Erfiðleikar í tengslum við stundaskrár komu ekki að sök og kennarar í framhaldsskólanum og grunnskólanum báru nemendum góða sögu hvað varðaði ástundun og virkni. Skýrt var tekið fram í upphafi að þeir væru áfram nemendur í Egilsstaðaskóla og mætingareglur t.d. væru því þær sömu í framhaldsskólaáföngunum og öðrum greinum í 10. bekk.

Árangur nemendanna í framhaldsskólanáminu hefur almennt verið góður - nemendur hafa lokið frá 3 og upp í 24 einingum á framhaldsskólastigi meðfram námi í 10. bekk. Ytra skipulag samstarfsins hefur hins vegar reynt heldur þungt í vöfum, einkum stundatöflugerð.

Í skýrslu um verkefnið er ferill þess rakinn og rætt um kosti þess og galla.

3.22 Heppuskóli, Hornafirði
Athafnamiðað nám á unglíngastigi,
Bjarni greindarfatlaður nemandi í 9. bekk
Umsjón: Ragnhildur Jónsdóttir

Aðdragandi verkefnisins var í stuttu máli sá að veturinn 1995 - 1996 fluttist fatlaður nemandi með jafnöldrum sínum í 8. bekk; úr Hafnarskóla á Hornafirði í Heppuskóla en hann sér um kennslu nemenda á unglíngastigi. Eftir reynslu vetrarins vildu kennarar skólans leita leiða til þess að vinna að bættri samskipan náms fatlaðs nemanda í hópi með jafnöldrum sínum.

Markmið með verkefninu:

- **Að styrkja félagslega stöðu fatlaða nemandans innan hópsins.**
- **Finna honum gildandi hlutverk í verkefnum sem bekkurinn væri að vinna að.**
- **Gefa nemendum tækifæri til þess að reyna ný vinnubrögð í námi.**
- **Gefa kennurum tækifæri til þess að reyna ný vinnubrögð í kennslu.**

Kenningar um samvirkt nám voru valdar sem leið að ofngreindum markmiðum. Umsjónarmaður hafði kynnst þeim í fyrirlestrum hjá Diane Fergusson og seinna hjá Hafdísí Guðjónsdóttur o.fl. sem umsjónarmaður og verkstjóri í starfsleikninámi við tvo grunnskóla. Samvirkt nám gerir ráð fyrir því að nemendur vinni í hópum þar sem hver og einn hefur sitt hlutverk. Ætlast er til að allir hópmeðlimir séu virkir í vinnunni hver á sinn hátt. Í þessu verkefni er athyglinni fyrst og fremst beint að fatlaða nemandanum og þróun stöðu hans innan hópsins.

Vorið 1996 fékkst styrkur frá Þróunarsjóði grunnskóla og var verkefnið unnið skólaárið 1996 - 1997. Skólaárinu var skipt upp í þrjár lotur. Í fyrstu lotunni sem náði frá september til desember voru gerðar tilraunir í ensku. Önnur lotan náði yfir janúar fram í byrjun apríl. Það tímabil voru gerðar tilraunir í samfélagsfræði. Þriðja lotan stóð yfir í apríl og fram í maí og var unnið í raungreinum. Vinna hvernar lotu var metin með vettvangsathugunum og mati nemenda. Í vettvangsathugunum fólst að tímarnir voru teknir upp á myndband og unnið úr athugunum og skráningu kennara meðan á vinnunni stóð.

Samhliða því að unnið var í völdum námsgreinum með kennsluhætti í anda samvirks náms fóru fram athuganir og mat á félagstengslum, félagsvirkni og athugun á viðhorfum nemenda, viðhorfum kennara og viðhorfum foreldra til samskipunar fatlaðra og ófatlaðra í grunnskóla á unglíngastigi.

Að mati styrkþega hefur vel tekist til með þetta verkefni í meginatriðum og almennt er ríkur vilji til að samskipa fötluðum nemendum með öðrum nemendum í almennum grunnskóla.

Fyrir liggur ítarleg skýrsla um verkefnið.

3.23 Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri
Frá stöðnun til framfara

Verkefnið féll niður vegna breytinga á starfsliði skólanna.

3.24 Sólvallaskóli

Seinfærir nemendur - samþætting náms og atvinnulífs

Umsjón: Óli Þ. Guðbjartsson, Guðmundur Ó. Ásmundsson, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Svanur Ingvarsson

Veturinn 1995-96 bar það oft á góma á fundum kennara í Sólvallaskóla á Selfossi að forvitnilegt væri að reyna að fitja upp á einhverjum nýjungum, sem hefðu þau tvenns konar markmið að efla þá nemendur sérstaklega í námi og skólasókn, sem stæðu fremur höllum fæti miðað við jafnaldra sína, jafnframt því að auka tengslin við atvinnulífið ekki síst í næsta nágrenni við skólann.

Markmið þróunarverkefnisins:

Eins og fram kom í umræðum og aðdraganda þessa máls er markmið þessa verkefnis tvenns konar.

- 1. Að reyna að stuðla að betri árangri þeirra nemenda sérstaklega sem hafa átt á brattann að sækja í námi af hvaða ástæðum sem er.**
- 2. Að auka tengsl við atvinnulíf í næsta nágrenni við skólann.**

Skipulag verkefnisins var á eftirfarandi hátt: Tíu nemendur í 10. bekk voru valdir til þátttöku í þessu verkefni með sérstökum undirbúningi bæði með þeim og forráðamönnum þeirra. Jafnframt var leitað eftir samvinnu við tíu atvinnufyrirtæki á Selfossi um að hver nemandi mætti koma til náms og starfs samkvæmt nánara skipulagi. Skipulagið var síðan byggt upp á þann veg að hver nemandi sótti sama vinnustaðinn heim þrjá miðvikudaga í senn og svo koll af kolli þannig að allir nemendur höfðu sótt alla vinnustaðina heim í vetrarlok. Hina daga skólavikunnar voru þeir í hefðbundnu bóknámi. Eftir hvern vinnudag skilaði nemandinn stuttorðri skýrslu um það sem á daginn dreif.

Í bóklegum tímum voru þessir nemendur saman í bekkjardeild og umsjónarkennari deildarinnar hafði einnig umsjón með þessum þætti í námi þeirra. Jafnframt því hafði sérstakur umsjónarmaður með þessu starfi eftirlit með framkvæmd á þróunarverkefninu. Hann hafði samband við alla vinnustaðina á hverjum miðvikudegi, fylgdist með mætingu nemenda og gerði sér far um að fylgjast með gengi þeirra. Vinnustaðirnir voru valdir þannig að þeir væru eins konar þverskurður af atvinnulífinu á Selfossi.

Skrá um vinnustaði fylgir hér með:

1. Áhaldahús Selfossbæjar, 2. Bílfoss h/f, 3. Fossnesti, 4. Mjólkurbú Flóamanna,
5. Plastiðjan h/f, 6. Prentsmiðja Suðurlands h/f, 7. Set h/f, 8. SG. Einingahús,
9. Sláturfélag Suðurlands, 10. Vegagerð ríkisins.

Þegar líða tók á seinni hluta tímabilsins hafði umsjónarmaður með framkvæmd verkefnisins sérstaklega samband við tengla á öllum vinnustöðunum og bað þá um að veita umsagnir um ýmsa þætti í frammistöðu nemendanna. Í þessari umsögn var gengið út frá eftirfarandi meginþáttum: Stundvísi, athygli, vandvirkni, framkomu og skýrsluskilum nemenda. Auk þessa var gert ráð fyrir almennri umsögn um nemendurna og framkvæmd verkefnisins.

Niðurstaðan af þessari athugun var yfirleitt á eina lund. Frammistaða nemendanna var í langflestum tilfellum góð og allir fulltrúar fyrirtækjanna voru á þeirri skoðun að tilraunin hefði lánast þrýðilega. Þá kom einnig fram við þessa athugun að öll fyrirtækin eru tilbúin að stuðla að áframhaldandi samvinnu við skólann á svipuðum grundvelli. Þegar rætt var við einstaka nemendur um hvernig til hefði tekist í þessu efni virtust þeir einnig mjög ánægðir.

Ef reynt er að meta árangur þessara nemenda í bóklegu námi miðað við gengi þeirra áður en þróunarverkefnið hófst var niðurstaðan sú að árangur þeirra flestra var síst lakari en áður eða ætla hefði mátt.

Fyrir liggur skýrsla um verkefnið með ýmsum fylgigögnum.

Reglur um Þróunarsjóð grunnskóla *

1. Þróunarsjóður grunnskóla er á vegum menntamálaráðuneytisins og skal veitt í hann fé á fjárlögum ár hvert.
2. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróunarverkefnum í grunnskólum landsins. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í námsefni, kennsluaðferðum, námsmati og skipulagi náms og kennslu í grunnskólum. Heimilt er annað hvert ár að tiltaka ákveðinn þátt í starfsemi grunnskóla sem hefur forgang það ár.
3. Menntamálaráðherra skipar sex manna úthlutunarnefnd til tveggja ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu og er hann formaður nefndarinnar, þremur frá Bandalagi kennarafélaga og skal einn vera skólastjórnandi, einum frá Kennaraháskóla Íslands og einum frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara.
4. Úthlutunarnefnd fer yfir allar umsóknir og metur þær hæfar eða óhæfar til styrkveitinga. Hún leitar umsagnar eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á hverju sinni. Nefndin gerir tillögur til ráðherra um hvaða verkefni fá styrk úr sjóðnum og hve háan. Úthlutun fer fram einu sinni á ári og skal henni lokið fyrir 1. mars.
5. Auglýsa skal eftir umsóknum í október ár hvert. Um styrk geta sótt skólastjórar grunnskóla fyrir hönd skóla, kennarahópar eða einstakir kennarar með samþykki skólastjóra. Sækja má um styrk til nýrra verkefna og verkefna sem þegar eru hafin.
6. Styrkumsóknir skulu berast menntamálaráðuneytinu fyrir 1. desember ár hvert á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókn skal fylgja lýsing á verkefninu og tilgangi þess, áætlun um framkvæmd og áætlun um fjárþörf. Einnig skal tilgreina hvort sótt er um styrki til annarra aðila. Umsókn skal fylgja umsögn viðkomandi fræðslustjóra og einnig umsögn skólanefndar ef málið varðar búnað eða aðstöðu.
7. Þeir sem fá úthlutað styrk úr sjóðnum geta óskað eftir umsjónarmanni frá menntamálaráðuneytinu (t.d. námstjóra) eða fræðsluskrifstofu (t.d. kennsluráðgjafa) til ráðgjafar, aðstoðar og mats.
8. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu um verkefnið til menntamálaráðuneytisins og viðkomandi fræðsluskrifstofa.

Úthlutunarnefnd ákveður skilatíma skýrslu fyrir hvert verkefni eftir umfangi þess og áætluðum framgangi.
9. Menntamálaráðuneytið gefur árlega út yfirlit yfir þau verkefni sem eru í gangi eða nýlokið. Þar skulu verkefni sem styrkt eru talin upp, verkefnunum lýst stuttlega og gerð grein fyrir niðurstöðum ef þær liggja fyrir. Útgáfa ritraðar um þróunarverkefni skal kostuð af sjóðnum.

* Nýjar reglur um Þróunarsjóð grunnskóla voru settar 1996 (Stjtið B, nr. 656/1996) í kjölfar flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Skólaárið 1996-97 var í síðasta sinn úthlutað úr sjóðnum samkvæmt þessum gömlu reglum.

Til þeirra sem hlutu styrk úr
Þróunarsjóði grunnskóla 1996-1997

Þróunarsjóður grunnskóla

Ábendingar vegna skýrslugerðar

Samkvæmt 8. gr. í reglum Þróunarsjóðs grunnskóla skulu þeir aðilar sem fá úthlutað styrk úr sjóðnum skila skýrslu um verkefnin til menntamálaráðuneytisins.

Úthlutunarnefnd sjóðsins hefur ákveðið að skilafrestur skýrslu um verkefni skólaársins 1996-97 skuli vera 1. júlí 1997 nema um annað sé samið sérstaklega. Nefndin leggur ríka áherslu á að skýrslur berist í tæka tíð. Minnt skal á að styrkir verða ekki að fullu greiddir fyrr en skýrslu hefur verið skilað.

Reglur Þróunarsjóðsins kveða á um að menntamálaráðuneytið skuli gefa árlega út yfirlit yfir þau verkefni sem eru í gangi eða er nýlokið. Þar verði verkefnum lýst stuttlega og gerð grein fyrir niðurstöðum. Útgáfa ritraðar um þróunarverkefni og samantekt styrkþega um hvert verkefni skólaársins 1996-97 er fyrirhuguð haustið 1997 og verður hún byggð á þeim skýrslum sem berast.

Talsvert hefur borið á óvissu um hvernig standa eigi að skýrslugerð um einstök verkefni. Í sumum tilvikum hefur verið óskað eftir ábendingum eða aðstoð. Til að mæta slíkum óskum og til samræmingar vegna útgáfu ritraðar fylgja hér ábendingar um helstu þætti sem æskilegt er að fram komi í skýrslu.

Óski menn ráðgjafar við skýrslugerð má leita til menntamálaráðuneytisins.

Helstu þættir í skýrslu um þróunarverkefni:

- Efnisyfirlit
- Samantekt/útdráttur þar sem tæpt er á meginatriðum verkefnisins. Einkum ætlað til birtingar í ritröð.
- Inngangur/aðdragandi verkefnisins
- Markmið, skýringar og rökstuðningur á þeim
- Lýsing á verkefninu, skipulagi þess og framkvæmd
 - Samstarfsaðilar, ef einhverjir eru
- Niðurstöður verkefnisins
 - Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins
 - Náðust markmiðin?
 - Heldur verkefnið áfram innan skólans?
 - Kynning á verkefninu, útgáfa efnis og dreifing
- Mat á verkefninu
 - Viðhorf kennara, nemenda, foreldra
 - Gagnast það í öðrum skólum? Hvernig?
 - Stóðst framkvæmda- og kostnaðaráætlun?
 - Áhrif verkefnisins á skólastarfið í heild
- Heimildir
- Fylgiskjöl, s.s. bréf, náms- og/eða kennsluefni, myndefni.

Ábendingar sem geta komið að gagni við skýrslugerð:

- Ekki er um að ræða endanlegt eða tæmandi yfirlit yfir þætti. Vel er hugsanlegt að fleiri kaflar eigi heima í skýrslu allt eftir eðli og umfangi verkefnis.
- Hafa þarf í huga að lesandi skýrslunnar hefur ekki sömu forsendur og höfundur(ar) við lestur hennar. Því þarf oft að útskýra ýmis atriði nákvæmar fyrir lesendum, atriði sem höfundi/höfundum finnst liggja í augum uppi.
- Í mörgum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að vinna skýrsluna jafnt og þétt meðan á verkefninu stendur. Skipuleg upplýsingasöfnun, samantekt gagna, skráning, dagbók o.fl.
- Ef fleiri en einn vinna verkefnið er nauðsynlegt að koma á skýrri verkaskiptingu við skýrslugerð, t.d. að tilnefna ritstjóra.
- Samkvæmt 8. gr. reglna um Þróunarsjóð grunnskóla skila styrkþegar skýrslu um verkefnið til ráðuneytisins og viðkomandi fræðsluskrifstofu (skólamálaskrifstofu). Gert er ráð fyrir að þriðja eintakið sé í vörslu skólans/höfunda.
- Höfundar skýrslu, fylgigagna eða annarra hugverka sem styrkur úr sjóðnum gerir kleift að verði til, eiga allan rétt á útgáfu eða notkun efnisins. Æskilegt er að í slíkum gögnum sé tekið skýrt fram hvort öðrum er heimilt að nota þau, t.d. hvort ljósritun er heimil eða ekki.

ISBN 9979-821-91-4